

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

við Stjórnartíðindi
Evrópusambandsins

Nr. 39

24. árgangur

29.6.2017

	I EES-STOFNANIR	
	1. Sameiginlega EES-nefndin	
	II EFTA-STOFNANIR	
	1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
2017/EES/39/01	Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA nr. 469/15/COL frá 4. nóvember 2015 um að ljúka formlegri rannsókn á meintri ríkisaðstoð við Innovasjon Norge vegna starfsemi þess á markaði fyrir veggrunnvirki og tengda þjónustu, svo og hugsanlegri aðstoð við svæðisbundnar ferðamálastofur og ferðastaðarstjórnir	1
	3. EFTA-dómstóllinn	
	III ESB-STOFNANIR	
	1. Framkvæmdastjórnin	
2017/EES/39/02	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8309 – Volvo Car Corporation/First Rent A Car)	26
2017/EES/39/03	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8456 – INEOS/Forties Pipeline System) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	27
2017/EES/39/04	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8491 – PGA Group/Groupe Bernard/CDPR) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	28
2017/EES/39/05	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8500 – Central/SIGNA Prime/JVCo) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	29
2017/EES/39/06	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8517 – Megatrends/Intu/Xanadú Retail And Leisure) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	30
2017/EES/39/07	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8538 – IFM/OHL/OHL Mexico) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	31

2017/EES/39/08	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8546 – Intermediate Capital Group/DomusVi Group) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	32
2017/EES/39/09	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8550 – USSS/Goldman Sachs/Redexis Gas) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	33
2017/EES/39/10	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7982 – Abbott Laboratories/Alere)	34
2017/EES/39/11	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8357 – Asahi/AB Inbev CEE Divestment business)	34
2017/EES/39/12	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8433 – Zalando/Bestseller United/JV)	35
2017/EES/39/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8479 – Advent International/Bain Capital Investors/Ratepay)	35
2017/EES/39/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8497 – Sibur/TechnipFMC/Linde/JV)	36

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRDUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2017/EES/39/01

nr. 469/15/COL

frá 4. nóvember 2015

um að ljúka formlegri rannsókn á meintri ríkisaðstoð við Innovasjon Norge vegna starfsemi þess á markaði fyrir vefgrunnvirki og tengda þjónustu, svo og hugsanlegri aðstoð við svæðisbundnar ferðamálastofur og ferðastaðarstjórnir

(Noregur)

[Án trúnaðarupplýsinga]

[Upplýsingar innan hornklofa falla undir þagnarskyldu]

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA („eftirlitsstofnunin“) hefur,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningsins“), einkum 1. mgr. 61. gr.

með vísan til samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls („samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól“), einkum 24. gr.,

með vísan til bókunar 3 við samninginn um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls („bókun 3“), einkum 2. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 13. gr. II. hluta,

eftir að hafa beint því til hagsmunaaðila að þeir legðu fram athugasemdir í samræmi við ofangreind ákvæði, og að teknu tilliti til athugasemda sem borist hafa

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

I. MÁLSATVIK

1 Málsmeðferð

- 1) Fyrirtækið tellUs IT AS, sem nú hefur runnið saman við fyrirtækið New Mind ⁽¹⁾ („New Mind | tellUs“, einnig nefnt „kvartandinn“) lagði fram kvörtun í bréfi til Eftirlitsstofnunar EFTA, dagsett 5. júlí 2013 ⁽²⁾, þar sem því var haldið fram að Innovasjon Norge fengi ríkisaðstoð vegna viðskiptastarfsemi á markaði fyrir vefgrunnvirki og tengda þjónustu innan ferðapjónustunnar. Kvörtunin barst Eftirlitsstofnun EFTA hinn 8. júlí 2013 og var skráð hjá stofnuninni sama dag.
- 2) Að lokinni forathugun á kvörtuninni ákvað Eftirlitsstofnun EFTA 16. júlí 2014 að hefja þá formlegu rannsókn sem kveðið er á um í 2. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 með samþykkt ákvörðunar 300/14/COL, („ákvörðunin um að hefja formlega rannsókn“). ⁽³⁾ Eftirlitsstofnun EFTA kallaði með ákvörðun þessari eftir athugasemdum norskra stjórnvalda og hagsmunaaðila.
- 3) Norsk stjórnvöld lögðu fram athugasemdir við ákvörðunina um að hefja rannsókn með bréfi dagsettu 1. september 2014. ⁽⁴⁾ Eftirlitsstofnun EFTA fundaði með stjórnvöldum í Noregi og Innovasjon Norge 30. september 2014. Við þetta tækifæri lögðu stjórnvöld í Noregi fram nýjar upplýsingar og skýringar á því sem þau höfðu lagt fram 1. september 2014. Eftirlitsstofnun EFTA lagði einnig viðbótarspurningar fyrir Innovasjon Norge og var þeim svarað í tölvupósti dagsettum 17. október 2014. ⁽⁵⁾

⁽¹⁾ Upphaflegur kvartandi, tellUs IT AS, rann í október 2013 saman við fyrirtækið New Mind og til varð fyrirtækið New Mind | tellUs. Sjá www.newmind.co.uk.

⁽²⁾ Skjal nr. 678002 og viðaukar við skjöl 678003 til 678007, 678010 til 678013 og 678017.

⁽³⁾ Birt í Stjtið. ESB C 334, 25.9.2014, bls. 8, og EES-viðbæti nr. 53, 25.9.2014, bls. 1.

⁽⁴⁾ Skjal nr. 720775 ásamt 12 viðaukum (skjöl nr. 720776 til 720788).

⁽⁵⁾ Skjal nr. 726058.

- 4) Hinn 9. október 2014 ⁽⁶⁾ bárust Eftirlitsstofnun EFTA athugasemdir í tölvupósti frá einum hagsmunaaðila, kvartanda. Eftirlitsstofnun EFTA framsendi stjórnvöldum í Noregi athugasemdirnar með bréfi dagsettu 10. október 2014. ⁽⁷⁾ Eftirlitsstofnunin hélt símafundi með Innovasjon Norge 27. október 2014 og 5. nóvember 2014.
- 5) Stjórnvöld í Noregi lögðu fram umsagnir við athugasemdir kvartanda og nánari upplýsingar um málið í bréfi dagsettu 24. nóvember 2014 ⁽⁸⁾.
- 6) Síðar hafa Eftirlitsstofnuninni borist nánari upplýsingar um málið frá kvartanda og Innovasjon Norge. ⁽⁹⁾ Þær upplýsingar sem bárust frá kvartanda voru framsendar til stjórnvalda í Noregi.

2 Lýsing á ráðstöfununum

- 7) Ákvörðun þessi varðar starfsemi Innovasjon Norge á sviði ferðaþjónustu.
- 8) Innovasjon Norge er opinbert fyrirtæki sem falið hefur verið með sérstöku umboði að styðja við nýsköpun og þróun í norskum fyrirtækjum og atvinnugreinum. Innovasjon Norge styður við innlenda ferðaþjónustu. Innovasjon Norge hefur stofnað og annast rekstur vefsetursins *visitnorway.com*, sem er fjölsóttasti norski ferðaþjónustuvefurinn ⁽¹⁰⁾.
- 9) Innovasjon Norge veitir svæðisbundnum ferðamálastofum ⁽¹¹⁾ og ferðastaðarstjórnunum þjónustu í gegnum *visitnorway.com*. ⁽¹²⁾ Svæðisbundnu ferðamálastofurnar og ferðastaðarstjórnirnar eru staðbundnar/svæðisbundnar einingar sem efla ferðaþjónustu á starfssvæði hverrar um sig.
- 10) Þjónustan felur m.a. í sér i) vefgrunnvirki og tengda þjónustu og ii) markaðs- og kynningarþjónustu innan ferðaþjónustunnar. ⁽¹³⁾
- 11) Kvartandi og ákvörðunin um að hefja rannsókn vísa til hugsanlegra ríkisaðstoðarráðstafana við vefgrunnvirkið og tengda þjónustu. Nánar tiltekið er vísað til þriggja hugsanlegra ríkisaðstoðarráðstafana í 1. gr. ákvörðunarinnar um að hefja rannsókn.
- 12) Fyrsta meinta ríkisaðstoðarráðstöfunin varðar ríkisaðstoð við Innovasjon Norge með því að fyrirtækið afsalar sér hagnaði þegar það leggur svæðisbundnu ferðamálastofunum og ferðastaðarstjórnunum til vefgrunnvirki og veitir þeim tengda þjónustu.
- 13) Önnur ráðstöfunin er meintur skortur á því að bókhald sé aðskilið og kostnaðarskipting gegnsæ, til aðgreiningar á atvinnustarfsemi Innovasjon Norge frá annari starfsemi. Einkum hefur sú spurning þýðingu að hvaða marki það að Innovasjon Norge sjái fyrir vefgrunnvirki og veiti tengda þjónustu leiði til víxlniðurgreiðslu með opinberu fé sem var veitt til að sinna annari starfsemi en atvinnustarfsemi, þ.e. almennri kynningu á Noregi sem áfangastað fyrir ferðamenn.

⁽⁶⁾ Skjal nr. 725167.

⁽⁷⁾ Skjal nr. 725174.

⁽⁸⁾ Skjöl nr. 730559, 730560 og 730561.

⁽⁹⁾ Eftirlitsstofnun EFTA hefur borist fjöldi tölvupósta með viðbótarupplýsingum frá kvartanda og Innovasjon Norge. TellUs sendi tölvupóst dagsettan 1. janúar 2015 (skjal nr. 734800). Innovasjon Norge sendi nokkra tölvupósta, skjöl nr. 742759 (tölvupóstur dags. 16. janúar 2015), 744264 (tölvupóstur dags. 5. febrúar 2015), 753927 (tölvupóstur dags. 14. apríl 2015), 754218 (tölvupóstur dags. 17. apríl 2015), 757843 (tölvupóstur dags. 20. maí 2015) og 758656 (tölvupóstur dags. 29. maí 2015) og hélt fjarfund með Innovasjon Norge 16. apríl 2015.

⁽¹⁰⁾ Nánar tiltekið voru heimsóknir á *visitnorway.com* 22,5 milljónir árið 2013 og flettingar 50 milljónir. Árið 2014 voru heimsóknir 21,3 milljónir og flettingar 50,3 milljónir. Frekari upplýsingar er að finna á eftirfarandi vefslóð: <http://www.slideshare.net/hanspeteraalmo/new-structure-for-destinations-on-visitnorwayvom> og í skjali nr. 758656.

⁽¹¹⁾ Á norsku „*Regionalt selskap*“.

⁽¹²⁾ Á norsku „*Destinasjonsselskap*“.

⁽¹³⁾ Eftirlitsstofnun EFTA lýsir þessari þjónustu í hlutum 2.2 og 2.3 hér að neðan.

- 14) Þriðja meinta ríkisaðstoðarráðstöfunin varðar ríkisaðstoð við svæðisbundnu ferðamálastofurnar og ferðastaðarstjórnirnar með því að verð sem sett var upp fyrir vefgrunnvirki og tengda þjónustu er ekki nægilega hátt til að Innovasjon Norge hljóti hæfilega ávöxtun af fjárfestingum sínum.

2.1 Aðstoðarþegar hinnar meintu ríkisaðstoðar

- 15) Stjórnvöld í Noregi settu Innovasjon Norge á laggirnar 2003 með lögum um Innovasjon Norge. ⁽¹⁴⁾ Ríkið á 51% í félaginu og fylkin eiga þau 49% sem eftir eru. ⁽¹⁵⁾
- 16) Félagið var stofnað í því skyni að vera stjórnþingi norskra stjórnvalda til þess að stuðla að arðsamri viðskiptaþróun um land allt. ⁽¹⁶⁾ Innovasjon Norge hefur umsjón með og sér um framkvæmd nokkurra norskra aðstoðarkerfa. Innovasjon Norge styður við innlenda ferðaþjónustu. Samkvæmt stjórnvöldum í Noregi er: „*Innovasjon Norge [...] m.a. falið að sinna markaðssetningaráhrifum á vefnum til að ná til fólks erlendis og innanlands á opinbera vefsetrinu visitnorway.com*“. ⁽¹⁷⁾
- 17) Stað- og svæðisbundin kynning á ferðaþjónustu er á ábyrgð svæðisbundnu ferðamálastofanna og ferðastaðarstjórnanna. Samkvæmt upplýsingunum sem stjórnvöld í Noregi lögðu fram, ⁽¹⁸⁾ eru um 300 svæðis- og staðbundin ferðamálasamtök, í Noregi, þ.e. svæðisbundnar ferðamálastofur og ferðastaðarstjórnir. Meginmarkmið þeirra er að skipuleggja ferðaþjónustustarfsemi og veita upplýsingar um ferðamál. Svæðisbundnu ferðamálastofurnar leggja áherslu á að markaðssetja svæði á alþjóðavettvangi en ferðastaðarstjórnirnar markaðssetja tiltekna áfangastaði bæði á alþjóðavettvangi og innanlands. ⁽¹⁹⁾ Almenn er hluthafar þeirra bæði opinber fyrirtæki og einkafyrirtæki. ⁽²⁰⁾ Svæðisbundnu ferðamálastofurnar eru yfirleitt settar upp sem hlutfélög með takmarkaðri ábyrgð og hlutabréfin eru í eigu fylkisstjórna og aðila í ferðaþjónustu. Ferðastaðarstjórnirnar eru staðbundnar og samsetning hluthafa þeirra er með mismunandi hætti. Þær eru hins vegar almennt í eigu staðaryfirvalda og staðbundinna ferðaþjónustufyrirtækja.
- 18) Svæðisbundnu ferðamálastofurnar og ferðastaðarstjórnirnar hafa ekki að markmiði að hámarka hagnað fyrir eigendur sína. Markmið þeirra er frekar að efla atvinnustarfsemi á sviði ferðaþjónustu á landsvæði hverrar um sig. ⁽²¹⁾

⁽¹⁴⁾ LOV-2003-12-19-130 (á norsku „Lov om Innovasjon Norge“) sem má finna á eftirfarandi slóð: <http://lovdata.no/dokument/NL/lov/2003-12-19-130?q=lov+om+innovasjon+norge>.

⁽¹⁵⁾ Sjá 2. gr. laga um Innovasjon Norge.

⁽¹⁶⁾ Verkefnið sem Innovasjon Norge sinnir nú voru í grófum dráttum áður í höndum fjögurra fyrirrennara þess: Atvinnu- og byggðáþróunarsjóðs Noregs („SND“), Norsku ráðgjafarstofunnar fyrir uppfinningamenn („SVO“), Ferðamálaráðs Noregs („NTC“) og Útflutningsráðs Noregs („NEC“). Á norsku: „*Statens nærings- og distriktsutviklingsfond*“, „*Statens Veiledningskontor for Oppfinnere*“, „*Norges Turistråd*“ og „*Norges Eksportråd*“. Rekstur þessara fjögurra eininga var lagður af árið 2004 og þær voru sameinaðar í Innovasjon Norge.

⁽¹⁷⁾ Bréf frá Innovasjon Norge dagsett 28. október 2013 (skjal nr. 688213).

⁽¹⁸⁾ Bréf frá Innovasjon Norge dagsett 28. október 2013 (skjal nr. 688213).

⁽¹⁹⁾ Sjá „*Ferðamálaáætlun ríkisstjórnarinnar. Áfangastaðurinn Noregur. Landsáætlun fyrir ferðaþjónustuna*“. Norska iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið. 10. apríl 2012, bls. 44. Þetta skjal var sent Eftirlitsstofnun EFTA sem 4. viðauki (skjal nr. 688216) við bréf Innovasjon Norge dagsett 28. október 2013 (skjal nr. 688213).

⁽²⁰⁾ Sama heimild.

⁽²¹⁾ Lýsing á fyrirtækinu Visit Trondheim AS (svæðisbundin ferðamálastofa) bar til dæmis með sér að félaginu væri ekki ætlað að veita hluthöfum beinan efnahagslegan ávinning (lausleg þýðing úr norsku). Á norsku: „*Selskapet har ikke som formål å skaffe eierne direkte økonomisk utbytte*» (leturbreyting hér). Sjá upplýsingar aðgengilegar öllum hjá miðlægri skrá yfir lögaðila í Skráningarmiðstöðinni í Brønnøysund. Hlekkinn má finna hér: <http://w2.brreg.no/enhet/sok/detalj.jsp?orgnr=955715209>

Hvað varðar Visit Sørlandet AS (ferðastaðarstjórn) er tekið fram að ætlunin með starfsemi félagsins sé ekki að greiða hluthöfum arð. Á norsku: „*Områdemarkedsføring, profilering og merkevarebygging via tilrettelegging for salg og markedsføring for reiselivet på Sørlandet. Selskapets virksomhet tar ikke sikte på å skaffe aksjeeierne økonomisk utbytte. Eventuelt overskudd skal benyttes til å fremme selskapets formål. Selskapet kan eie aksjer/andeler i andre selskap*» (leturbreyting hér). Sjá lýsingu á fyrirtækinu sem er aðgengileg hjá miðlægri skrá yfir lögaðila í Skráningarmiðstöðinni í Brønnøysund: <http://w2.brreg.no/enhet/sok/detalj.jsp?orgnr=993995282>

2.2 Vefgrunnvirki og tengd þjónusta

- 19) Umsjón með vefgrunnvirki og tengd þjónusta á sviði ferðaþjónustu fer fram í gegnum „stjórnkerfi ferðastaðar“. ⁽²²⁾
- 20) Með stjórnkerfi ferðastaðar býður upplýsingatæknifyrirtæki viðskiptavinum sínum (fyrirtækjum í ferðastaðarstjórn ⁽²³⁾) þjónustu sem gerir þeim kleift að senda og uppfæra reglubundið upplýsingar um ferðamannastaði, hótél, veitingastaði, viðburði og áþekkar upplýsingar samtímis á eigin vefsíðum og hjá öðrum utanaðkomandi aðilum, eins og *visitnorway.com*, Google Maps, upplýsingaskrifstofum ferðamála, farvefgáttum og í prentmiðlum. Almennigur notar upplýsingarnar til að ganga frá bókun eða í öðrum tilgangi.
- 21) Stjórnkerfi ferðastaðar getur boðið upp á ýmsa notkunarmöguleika: i) *staðsetningarvirkni* (þ.e. með því að búa til gagnagrunn um áhugaverða staði eða upplýsingaskot um viðburði, hótél, veitingahús, listasýningar o.s.frv.), ii) *dreifingarvirkni* (þ.e. upplýsingunum sem eru vistaðar í gagnagrunninum er dreift eftir mismunandi leiðum og á mismunandi verkvangi) og iii) *leitarvirkni* (þ.e. til leitar á vefsetrum til þess að finna og koma á framfæri á vörum á sviði ferðaþjónustu).
- 22) Myndræn framsetning á þessari þjónustu kemur fram í málsgrein (43) hér á eftir.

2.3 Markaðssetning og kynningarþjónusta á sviði ferðaþjónustu

- 23) Markaðssetning og kynningarþjónusta á sviði ferðaþjónustu getur vísað til almennrar kynningar á landsvæði eða kynningar á tilteknum fyrirtækjum.
- 24) Almenn kynning felur í sér að gestum eru veittar almennar ferðaupplýsingar um landslag, matarmenningu, veðurfar, o.s.frv. Kynning á tilteknum fyrirtækjum vísar til markaðssetningar á sérefni (t.d. upplýsingum um hótél, veitingastaði, menningarviðburði o.s.frv.).
- 25) Þegar tiltekið efni er kynnt á *visitnorway.com* má enn fremur greina tvo mismunandi möguleika; upplýsingarnar eru annaðhvort birtar beint á vefsetrinu (þ.e. upplýsingarnar eru hýstar á vefsetrinu) eða með hlekk á utanaðkomandi vefsetur sem birtir þessar tilteknu upplýsingar.

2.4 Starfsemi Innovasjon Norge á sviði ferðaþjónustu

- 26) Kynning á ferðaþjónustu innanlands fellur undir umboð Innovasjon Norge. Norsk stjórnvöld hafa verið virkur hagsmunaaðili á sviði ferðaþjónustu frá 1903. ⁽²⁴⁾ Eins og kemur fram í málsgrein (17) hér að framan sjá svæðisbundnu ferðamálastofurnar og ferðastaðarstjórnirnar um svæðis- og staðbundna kynningu á ferðaþjónustu. Leiðbeiningar um starfsemi Innovasjon Norge á sviði ferðaþjónustu koma fram í kaflanum þar sem fjallað er um Innovasjon Norge í árlegum fjárveitingabréfum ríkisins. ⁽²⁵⁾

⁽²²⁾ Skilgreint sem „[k]erfi sem taka saman og dreifa fjölbreyttu úrvali vöru á sviði ferðaþjónustu í gegnum ýmsar leiðir og verkvangi, sem er almennt ætlað að þjónusta tiltekin svæði, og styðja við starfsemi ferðastaðarstjórnar á svæðinu. Með stjórnkerfi ferðastaðar er leitast við að heita nálgun þar sem viðskiptavinurinn er miðpunkturinn í því skyni að stýra og markaðssetja áfangastaðinn á heildstæðan hátt, yfirleitt með því að veita útarlegar upplýsingar um áfangastaðinn, nota rauntímakerfi fyrir bókanir og leggja til stjórnunartæki fyrir markaðssetningu ferðastaðarins með sérstakri áherslu á stuðning við litla og sjálfstæða seljendur ferðaþjónustu“. Skilgreiningu á „stjórnkerfi ferðastaðar“ er að finna á <http://www.newmind.co.uk/technology-platform/destination-management-system>.

⁽²³⁾ Hugtakið fyrirtæki í ferðastaðarstjórn (e. *DMC*) er notað á sviði ferðaþjónustu um félög með staðbundna þekkingu, sérþekkingu og efnivið, sem sérhæfa sig í að móta og koma í framkvæmd viðburðum, viðfangsefnum, skoðunarferðum, flutningum, o.s.frv. Í grófum dráttum vísar hugtakið til fyrirtækja sem veita fyrirtækjum í ferðaþjónustu fagþjónustu.

⁽²⁴⁾ Bréf frá Innovasjon Norge dagsett 20. desember 2013 (skjal nr. 694258). Landsamtök ferðaþjónustu, sem var sameiginleg stofnun ríkis, sveitarfélaga og einkaaðila í ferðaþjónustu, voru stofnuð 1903 og störfuðu til 1984. Frá þeim tíma var markaðsstarf Landssamtaka ferðaþjónustunnar í höndum stofnunarinnar NORTRA sem breytti nafninu í Ferðamálaráð Noregs árið 1999. Innovasjon Norge hefur sinnt verkefnum Ferðamálaráðs Noregs frá 2004 í framhaldi af sameiningu þessara tveggja stofnana. Í bréfi Innovasjon Norge dags. 20. desember 2013 (skjali nr. 694258) koma einnig fram frekari upplýsingar um þá aðila sem almennt hefur verið falið umboð til að kynna Noreg sem orlofsstað fyrir ferðamenn.

⁽²⁵⁾ Statsbudsjettet 2013 – oppdragsbrev Innovasjon Norge. bls. 14. Skjalið má finna á eftirfarandi slóð: https://www.regjeringen.no/globalassets/upload/nhd/vedlegg/brev/2013_oppdragsbrev_innovasjon norge.pdf
Statsbudsjettet 2014 – oppdragsbrev Innovasjon Norge. Skjalið má finna á eftirfarandi slóð: https://www.regjeringen.no/contentassets/ab7b70cc80924f038a26a89417d0eb66/in_oppdragsbrev_2014.pdf
Statsbudsjettet 2015 – oppdragsbrev Innovasjon Norge. Skjalið má finna á eftirfarandi slóð: [http://www.innovasjon norge.no/PageFiles/2814818/Oppdragsbrev%20KLD%20\(2\).pdf](http://www.innovasjon norge.no/PageFiles/2814818/Oppdragsbrev%20KLD%20(2).pdf)

- 27) Árið 2007 samþykktu stjórnvöld í Noregi landsáætlun fyrir ferðaþjónustuna þar sem meginmarkmið ríkisstjórnarinnar á þessu sviði voru sett fram. ⁽²⁶⁾ Eitt þessara markmiða var að styrkja ímynd Noregs sem áfangastaðar fyrir ferðamenn. Í tengslum við þetta þróaði Innovasjon Norge því og opnaði vefsetrið *visitnorway.com* árið 2007. Samkvæmt áætluninni fyrir ferðaþjónustuna er „[v]efsetrinu [...] ætlað að hvetja ferðamenn til að ferðast til Noregs og veita traustar og ítarlegar upplýsingar um Noreg og það sem ferðaþjónustan hefur fram að færa“. ⁽²⁷⁾
- 28) Auk þess að láta í té almennt efni um Noreg (ótengt atvinnustarfsemi) hefur Innovasjon Norge frá stofnun vefsetursins *visitnorway.com* einnig boðið svæðisbundnum ferðamálastofum og ferðastaðarstjórnnum að kynna sérstakt efni þeirra á sviði ferðaþjónustu (þ.e. upplýsingar um viðburði, hótél, samgöngur, o.s.frv.) á vefsetri *visitnorway.com*. Innovasjon Norge hefur skrifað undir staðlaða samninga við svæðisbundnar ferðamálastofur og ferðastaðarstjórnir um birtingu sérstaks efnis frá svæðisbundnum ferðamálastofum og ferðastaðarstjórnnum um ferðaþjónustu á *visitnorway.com* (beint eða í gegnum tengla) gegn árlegu áskriftargjaldi sem er reiknað út á grundvelli árlegrar veltu hvernar svæðisbundinnar ferðamálastofu og ferðastaðarstjórnar. Svæðisbundnu ferðamálastofurnar og ferðastaðarstjórnirnar hafa einnig haldið úti eigin vefsetrum, þar sem veittar eru almennar upplýsingar um landsvæði hvernar um sig, auk þess að kynna tilteknar vörur á sviði ferðaþjónustu, þ.e. efnahagslega starfsemi fyrir hönd hagsmunaaðila sinna og eigenda.
- 29) Árið 2012 samþykkti norska ríkisstjórnin nýja ferðamálaáætlun sem var ætluð til umbóta á innviðum innlendrar ferðaþjónustu. ⁽²⁸⁾ Markmið nýju áætlunarinnar voru að gera opinberan stuðning við greinina skilvirkari, draga úr fjölda hlutaðeigandi aðila og tryggja meiri samræmingu þeirra í milli. Stjórnvöld í Noregi hafa enn fremur lýst yfir að þau miði að því að forðast fjölpættingu vefsetra sem fjalla um ferðamál í Noregi, með ólíkri uppbyggingu og framsetningu, bókunarvélum, tungumálum, o.s.frv., sem öll eru að hluta til fjármögnuð af ýmsum opinberum aðilum, fylkjum eða sveitarfélögum.
- 30) Í framhaldi af þessu samþykkti ráðuneyti viðskipta, iðnaðar og sjávarútvegs árið 2013 „nýja uppbyggingu ferðaþjónustu“ með það að markmiði að auðvelda ferðamönnum að velja Noreg sem áfangastað. ⁽²⁹⁾
- 31) Í fjárveitingabréfi Innovasjon Norge fyrir 2013 („fjárveitingabréfi 2013“ ⁽³⁰⁾) segir: „*Innovasjon Norge ber að tryggja góða dreifingu ferðaupplifana í Noregi fyrir tilstilli visitnorway.com og að leggja sitt af mörkum til að aðilar í ferðaþjónustu [...]*“. Þannig var *visitnorway.com* tilgreint sem lykilþáttur í kynningaráætlun ferðamála í Noregi. ⁽³¹⁾ Innovasjon Norge var beðið um að auka umfang vefsetursins og efla stuðning sinn við ferðaþjónustuna. Markmiðið var að bjóða markaðssetningarþjónustu á vefnum til þess að ná til bæði til lesenda innanlands og erlendis á opinbera vefsetrinu *visitnorway.com*. ⁽³²⁾
- 32) Með hliðsjón af þessu markmiði setti Innovasjon Norge af stað vinnu við verkefni sem var kallað „ný uppbygging *visitnorway*“ („nýja uppbyggingin“). ⁽³³⁾ Með nýju uppbyggingunni var

⁽²⁶⁾ Sjá „*Ferðamálaáætlun ríkisstjórnarinnar. Dýrmætar upplifanir. Landsáætlun fyrir ferðaþjónustuna*“. Norska iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið. 18. desember 2007. Í 1. viðauka (skjali nr. 688214) við bréf Innovasjon Norge dagsett 28. október 2013 (skjal nr. 688213).

⁽²⁷⁾ Sama heimild, undirfyrirsögn 7.5. „*Visitnorway.com*“, bls. 68.

⁽²⁸⁾ Sjá „*Ferðamálaáætlun ríkisstjórnarinnar. Áfangastaðurinn Noregur. Landsáætlun fyrir ferðaþjónustuna*“. Norska iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið. 10. apríl 2012. Í 4. viðauka (skjali nr. 688216) við bréf Innovasjon Norge dags. 28. október 2013 (skjal nr. 688213). Skjalið má finna á eftirfarandi slóð: https://www.regjeringen.no/contentassets/1ce1d6cdcba47739b3320a66817a2dd/lenke_til_strategien-engelsk.pdf

⁽²⁹⁾ Frekari upplýsingar er að finna í verkáætlun ráðuneytis viðskipta, iðnaðar og sjávarútvegs fyrir nýja uppbyggingu innlendrar ferðaþjónustu (útgáfa 1.2 dagsett 20. júní 2013): <http://www.regjeringen.no/upload/NHD/Temasider/Reiseliv/Riktigprosjektplan.pdf>

⁽³⁰⁾ Sjá 25. neðanmálsgrein hér að framan.

⁽³¹⁾ Í fjárveitingabréfinu frá 2014 segir: „*Innovasjon Norge ber að þróa netgáttina fyrir innlenda ferðaþjónustu á visitnorway.com enn frekar. [...]*“.

⁽³²⁾ Bréf frá Innovasjon Norge dagsett 28. október 2013 (skjal nr. 688213).

⁽³³⁾ Bréf frá Innovasjon Norge dagsett 28. október 2013 (skjal nr. 688213).

svæðisbundnu ferðamálastofunum og ferðastaðarstjórnunum ekki aðeins veitt þjónusta við markaðssetningu og kynningu (eins og var gert með stöðluðu samningunum, sjá málsgrein 28)) heldur einnig önnur þjónusta.

- 33) Innovasjon Norge hefur gert allnokkrar nauðsynlegar breytingar á eiginleikum og virkni verkvangsins *visitnorway.com* í því skyni að halda í við tæknibreytingar og til að geta rekið verkvanginn með skilvirkum hætti til lengri tíma lítið. Innovasjon Norge hóf árið 2013 að bjóða svæðisbundnum ferðamálastofum og ferðastaðarstjórnunum, sem vildu yfirfæra efni af eigin vefsetrum yfir á *visitnorway.com*, hluta af þeirri virkni sem stjórnkerfi ferðastaðar býður upp á (framvegis nefnt einu nafni „*vefgrunnvirki og tengd þjónusta*“). Þessi samþætting efnis á verkvangi *visitnorway.com* er í samræmi við markmiðin sem stjórnvöld í Noregi settu fram í nýju ferðamálaáætluninni, m.a. til þess að fyrirbyggja að mörg vefsetur sinni ferðapjónustu í Noregi (sjá málsgrein (29) hér að framan).
- 34) Þar af leiðandi var öllum svæðisbundnu ferðamálastofunum og ferðastaðarstjórnunum boðið upp á sérstaka samstarfssamninga (e. *premium partnership agreement*) árið 2014 með möguleika á að nota *visitnorway.com* sem heimasíðu í staðinn fyrir að þróa eða halda úti eigin heimasíðu. Yfirfærsla til *visitnorway.com* þýddi að þeirra eigin vefsetrum yrði lokað. Þessi þjónusta var aðeins boðin svæðisbundnu ferðamálastofunum og ferðastaðarstjórnunum og ekki boðin á almennum markaði, þ.e. ekki boðin öllum mögulegum notendum, m.a. hluthöfum og utanaðkomandi viðskiptavinum svæðisbundnu ferðamálastofanna og ferðastaðarstjórnanna. ⁽³⁴⁾
- 35) Að yfirfærslunni lokinni þurftu svæðisbundnu ferðamálastofurnar og ferðastaðarstjórnirnar ekki lengur á sumum þjónustuliðum að halda sem þau höfðu áður keypt af fyrirtækjum, til dæmis kvartanda. *Leitarvirknin* var ekki lengur nauðsynleg fyrir svæðisbundnu ferðamálastofurnar og ferðastaðarstjórnirnar og því var leyfishafasamningum við félög á borð við New Mind | tellUs almennt sagt upp. Hins vegar var enn þörf á annari virkni, eins og *staðsetningavirkni*, til að útbúa og halda við upplýsingum um áhugaverða staði eða upplýsingaskotum til birtingar á *visitnorway.com*.
- 36) Þrátt fyrir að öllum svæðisbundnum ferðamálastofum og ferðastaðarstjórnunum hefði verið boðinn sérstakur samstarfssamningur höfðu/hafa ekki öll félögin áhuga á nýju þjónustunni þar eð yfirfærsla til *visitnorway.com* fæli m.a. í sér samþykki á ritstjórnarlegum skilmálum og takmörkunum Innovasjon Norge. ⁽³⁵⁾ Þar af leiðandi viðhalda sumar svæðisbundnu ferðamálastofurnar og ferðastaðarstjórnirnar stöðluðum samningum um kynningar- og markaðssetningarþjónustu sem Innovasjon Norge veitir þeim (sjá málsgrein (28) hér að framan).
- 37) Ferðamálaaverkefnið „ný uppbygging“ undir *visitnorway.com* (sjá málsgrein (32) hér að framan) fól einnig í sér tvö tilraunaverkefni, alfa og beta, á árinu 2013, áður en sérstöku samstarfssamningarnir voru undirritaðir árið 2014 eins og lýst er í málsgrein (34) hér að framan. Þessu verður lýst nánar hér á eftir.

Verkefnið „alfatilraunin“

- 38) Í mars 2013 setti Innovasjon Norge ásamt tveim viðskiptavinum, *VisitSørlandet* og *VisitTrondheim*, af stað verkefni sem var nefnt „alfatilraunin“. Alfatilraunin vísar til yfirfærslu

⁽³⁴⁾ Sá munur er á lausn New Mind | tellUs og gagnagrunnsþjónustu Innovasjon Norge að fyrrnefnda lausnin stendur öllum félögum á sviði ferðapjónustu til boða (ekki einungis svæðisbundnu ferðamálastofunum og ferðastaðarstjórnunum) og með henni er skráðum upplýsingum í gagnagrunninum dreift samhliða með fleiri en einni miðlunarleið.

⁽³⁵⁾ Innovasjon Norge hefur gert grein fyrir því í svari sínu við ákvörðuninni um að hefja rannsókn (skjali nr. 720775) að Innovasjon Norge bjóði öllum svæðisbundnu ferðamálastofunum og ferðastaðarstjórnunum sama samning (til er sniðmát að samningi og var Eftirlitsstofnun EFTA sent afrit). Sumar svæðisbundnar ferðamálastofur og ferðastaðarstjórnir hafa hins vegar ekki áhuga á að skrifa undir sérstöku samstarfssamningana vegna þeirra takmarkana sem Innovasjon Norge setur. Til dæmis: i) mörgum ferðastaðarstjórnunum finnst að með því að draga upp mynd af þeirra svæði innan sameiginlegs innlands ramma *visitnorway.com* séu þau slitin úr tengslum við það, ii) ritstjóri Innovasjon Norge getur stöðvað eða breytt efni sem sérstakur samstarfsaðili hefur birt á síðunni sinni, ef um hagsmunaráreksur er að ræða, eða ef efnið fellur ekki að lýsingu *visitnorway.com*, iii) loki ferðastaðarstjórn vefsetri sínu missir hún lénsheitið, o.s.frv.

vefsetra Visit Sørlandet AS ⁽³⁶⁾ (svæðisbundin ferðamálastofa) og Visit Trondheim AS ⁽³⁷⁾ (ferðastaðarstjórn) á verkvang *visitnorway.com*.

- 39) Fyrirtækin tvö voru valin til þátttöku í tilraunaverkefnum og gerðu sérstakan samstarfssamning við Innovasjon Norge um að nota *visitnorway.com*. Í framhaldi af þessum samningum beindu bæði félögin vefköngum ⁽³⁸⁾ sínum á *visitnorway.com* og hættu að nota eigin heimasíður. Upplýsingarnar sem voru á þeim síðum (þ.e. almennar upplýsingar og sérefni um ferðaþjónustu) voru yfirfærðar á *visitnorway.com*.
- 40) Þegar félögin tvö ráku eigin vefsetur voru þau viðskiptavinir kvartanda. Því notuðu þau *staðsetningar-* og *leitarvirkni tellUs* og greiddu kvartanda afnotagjald fyrir þessa notkun. Eftir að fyrirtækin höfðu beint vefköngum sínum til *visitnorway.com* og lokað eigin vefsetrum sögðu þessi félög hins vegar upp samningum um leitarvirkni þar eð leitarvirkni Innovasjon Norge er af tæknilegum ástæðum eini valkosturinn sem unnt er að nota á *visitnorway.com* (eina leitarvélin á vefsetrinu er sú sem Innovasjon Norge þróaði og setti upp á verkvanginum).
- 41) Bæði félögin þurftu áfram semja við kvartanda eða áþekkt fyrirtæki um *staðsetningavirkni*. Innovasjon Norge býður ekki upp á þessa virkni. Kvartandi var áður eini veitandi þjónustu stjórnkerfis ferðastaðar á norskum markaði. Á tímabilinu 2012–2013 kom hins vegar alþjóðlegur samkeppnisaðili, CityBreak, inn á markaðinn með *staðsetningavirkni*, þ.e. gerði ferðaþjónustuveitendum kleift að útbúa gagnagrunn með upplýsingum um áhugaverða staði. ⁽³⁹⁾
- 42) Þær svæðisbundnu ferðamálastofur og ferðastaðarstjórnir sem færðu sig yfir til *visitnorway.com* gátu því valið milli mismunandi félaga sem buðu upp á *staðsetningavirkni* (New Mind | tellUs, CityBreak eða sérhvers annars rekstraraðila sem kæmi inn á markaðinn) en viðskiptavinir með tellUs *leitarþjónustuna* gátu aðeins notað *staðsetningavirkni tellUs*. Þegar New Mind | tellUs var eini veitandi vef- og grunnvirkisþjónustu þurftu allar svæðisbundnar ferðamálastofur og ferðastaðarstjórnir að ganga til samninga við New Mind | tellUs um bæði *leitar-* og *staðsetningavirknina*.

⁽³⁶⁾ Svæðisbundna ferðamálastofan var stofnað sem svæðisbundið fyrirtæki fyrir Austur-Agðir og Vestur-Agðir árið 2010. Félagið er í eigu fylkisins og staðaryfirvalda ásamt nokkrum einkafyrirtækjum svo sem Color Line, Fjord Line, Amusement Park, o.s.frv. Sjá „*Ferðamálaáætlun ríkisstjórnarinnar. Áfangastaðurinn Noregur. Landsáætlun fyrir ferðaþjónustuna*“. Sjá neðanmálsgrein 19. Frekari upplýsingar um félagið eru fengnar frá miðlægri skrá yfir lögaðila í Skráningarmiðstöðinni í Brønnøysund: <http://w2.breg.no/enhet/sok/detalj.jsp?orgnr=993995282>


⁽³⁷⁾ Visit Trondheim AS var stofnað 1989 með það að markmiði að byggja upp ferðaþjónustuna í Þrándheimi. Hluthafar í félaginu eru: Rezidor Hotels Norway AS (12,77%), Bo-hotell AS (7,34%), Realinvest AS (6,78%) og aðrir (73,11%).

Samkvæmt lýsingu á fyrirtækinu: „*Visit Trondheim er svæðisbundið ferðaþjónustufyrirtæki fyrir samtök, stofnanir, félög og ráðuneyti sem hafa hagsmuna að gæta í tengslum við ferðaþjónustu í Þrándheimi og á Þrándheimssvæðinu. Samhæfa á uppbyggingu ferðaáfangastaðarins með samstarfsfélögum í samfélaginu, fyrirtækjum og við þróun ferðamála. Visit Trondheim er ætlað að skilgreina og veita hýsingar- og markaðssetningarþjónustu, auk þess að selja, markaðssetja og leggja sitt af mörkum við uppbyggingu á Þrándheimi og Þrándheimssvæðinu sem áfangastað fyrir ferðamenn og ráðstefnur og stað fyrir menningu og viðburði. Visit Trondheim á að sjá til þess að þátttakendur séu samstiga í að tryggja að Þrándheimur nái markmiðum sínum sem ferðaáfangastaður, auk markmiða sinna varðandi eftirspurn og orðspor. Félagið hefur ekki að markmiði að skila eigendum beinum efnahagslegum ávinningi. Við félagsslit mun öllum hagnaði verða varið í að ná markmiðum félagsins*“ (lausleg þýðing úr norsku). Frekari upplýsingar um félagið eru fengnar hjá miðlægri skrá yfir lögaðila í Skráningarmiðstöðinni í Brønnøysund: <http://w2.breg.no/enhet/sok/detalj.jsp?orgnr=955715209>

⁽³⁸⁾ Veffang er einnig kallað URL (e. *Uniform Resource Locator*). Veffang er sniðinn textastrengur sem er notaður fyrir vafra, tölvupóstforrit og annan hugbúnað til að auðkenna netbúnað á Netinu.

⁽³⁹⁾ Bréf frá Innovasjon Norge dagsett 28. október 2013 (skjal nr. 688213).

- 43) Nýting á mismunandi virkni fyrir og eftir alfatilraunina kemur fram á eftirfarandi mynd:



Heimild: Eftirlitsstofnun EFTA, byggt á upplýsingum frá stjórnvöldum í Noregi (skjal nr. 688213).

- 44) Þjónustan sem Innovasjon Norge bauð svæðisbundnum ferðamálastofum og ferðastaðarstjórnunum áður en verkefnið um nýja uppbyggingu kom til framkvæmda (þ.e. netmarkaðssetning og kynningarþjónusta á vefsetri *visitnorway.com*) var boðin gegn gjaldi sem var reiknað á grundvelli ársveltu í stað markaðsverðs á fenginni þjónustu (sjá málsgrein (28) hér að ofan). Þetta verðlagningarkerfi var einnig notað í alfatilrauninni án þess að aukakostnaður væri innheimtur vegna viðbótarþjónustu sem Innovasjon Norge veitti (vefgrunnvirki og tengd þjónusta).
- 45) Stjórnvöld í Noregi hafa gert grein fyrir því ⁽⁴⁰⁾ að ástæða þess að ekki var innheimt aukalega fyrir viðbótarþjónustuna var sú að nýja þjónustan var í þróun og félögin tvö sem tóku þátt í tilraunaverkefninu vörðu verulegum tíma og vinnu í aðstoð við að þróa nýja virkni Innovasjon Norge og launaði Innovasjon Norge því með verðmætum athugasemdum og ábendingum um nýju þjónustuna.

Verkefnið „betatilraunin“

- 46) Innovasjon Norge tókst á hendur „betatilraunina“ frá júlí 2013 til nóvember 2013. Á meðan á tilraunaverkefninu stóð rannsakaði Innovasjon Norge ný viðskiptalíkön, þ.m.t möguleikann á því að koma nýjum sérstökum samstarfssamningum á framfæri við allar svæðisbundnar ferðamálastofur og ferðastaðarstjórnir.
- 47) Innovasjon Norge bauð öllum áhugasömum svæðisbundnum ferðamálastofum og ferðastaðarstjórnunum sérstakan samstarfssamning án mismununar frá 1. janúar 2014. Innovasjon Norge tók upp nýtt verðlagningarlíkan fyrir þessa þjónustu þar sem uppsettu verði var samkvæmt stjórnvöldum í Noregi ætlað að endurspeglar kostnaðinn við þjónustuna sem Innovasjon Norge veitti, að viðbættum eðlilegum tekjuafgangi. Nýja verðlíkanið var einnig notað fyrir tilraunaverkefnið tvö, þ.e. VisitSørlandet og VisitTrondheim frá og með 1. janúar 2014.
- 48) Því bauð Innovasjon Norge svæðisbundnu ferðamálastofunum og ferðastaðarstjórnunum tvo mismunandi valkosti, eins og kemur fram á mynd 2 hér að neðan ⁽⁴¹⁾: i) þjónustu sem heyrir undir sérstöku samstarfssamningana ⁽⁴²⁾ og ii) kynningu sem heyrir undir almenna samstarfssamninga. ⁽⁴³⁾ Noregur er kynntur sem áfangastaður fyrir ferðamenn á *visitnorway.com*,

⁽⁴⁰⁾ Annað bréf frá Innovasjon Norge dagsett 28. október 2013 (skjal nr. 688215). Sjá einnig svar Innovasjon Norge við ákvörðuninni um að hefja rannsókn (skjal nr. 720775).

⁽⁴¹⁾ Merkt „DMO specific“ (isl. sérstaklega fyrir ferðastaðarstjórnir) á mynd 2.


⁽⁴²⁾ Merkt „new structure“ (isl. ný uppbygging) á mynd 2.

⁽⁴³⁾ Merkt „standard presentation“ (isl. stöðluð kynning) á mynd 2.

með almennum upplýsingum um landið, burtséð frá tengslum við svæðisbundnu ferðamálastofurnar og ferðastaðarstjórnirnar. ⁽⁴⁴⁾

- 49) Skrifað var undir sérstaka samstarfssamninga við svæðisbundnar ferðamálastofur og ferðastaðarstjórnir sem vildu færa sig yfir á *visitnorway.com*. Innovasjon Norge bauð þeim svæðisbundnu ferðamálastofum og ferðastaðarstjórnunum sem vildu ekki yfirfæra vefsetrið sitt á *visitnorway.com* (almennir samstarfsaðilar) sömu kynningar- og markaðssetningarþjónustu og gildi áður með stöðluðu samningunum.

Mynd 2. Núverandi uppbygging *visitnorway.com* (Heimild: Innovasjon Norge)



3 Kvörtunin

- 50) New Mind | tellUs heldur því fram í kvörtun sinni að kynningarstarfsemi Innovasjon Norge og verkefni þess í tengslum við *visitnorway.com*, sem netgátt fyrir innlenda ferðaþjónustu, megi flokka sem þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu í samræmi við reglur EES um ríkisaðstoð.
- 51) Innovasjon Norge fór hins vegar inn á nýjan markað árið 2013 ⁽⁴⁵⁾ og hóf að bjóða svæðisbundnu ferðamálastofunum og ferðastaðarstjórnunum nýja þjónustu af efnahagslegum toga sem gerði þeim kleift að yfirfæra vefsetur sín á *visitnorway.com* (þ.e. vefgrunnvirki og tengda þjónustu). New Mind | tellUs er þeirrar skoðunar að þessi þjónusta heyrir ekki undir umboð Innovasjon Norge og að hún sé ekki veitt í samræmi við dómafordæmið í *Altmark*-málinu. ⁽⁴⁶⁾
- 52) Kvartandi leggur áherslu á að Innovasjon Norge eigi ekki að þiggja ríkisaðstoð á sama tíma og það veitir þjónustu af efnahagslegum toga. ⁽⁴⁷⁾

⁽⁴⁴⁾ Merkt „generic marketing“ (isl. almenn markaðssetning) á mynd 2.

⁽⁴⁵⁾ Samkvæmt kvartanda: „hefur starfsemi Innovasjon Norge fram til þessa ekki falið í sér að bjóða ferðaþjónustunni þjónustu með verkvangi sem keyrir á tölvugrunnvirki“. Kvörtun (skjal nr. 678002), bls. 8.

⁽⁴⁶⁾ Í dómi Dómstólsins í *Altmark Trans og Regierungspräsidentin Magdeburg*, C-280/00, EU:C:2003:415 var því slegið föstu að endurgjald vegna þjónustu, sem uppfyllir viðmiðanirnar fjórar í 89.–93. mgr. dómsins, feli ekki í sér ríkisaðstoð.

⁽⁴⁷⁾ Frekari upplýsingar um kvörtunina er að finna í ákvörðuninni um að hefja rannsókn sem um getur í málsgrein (2) hér að ofan.

- 53) Í kvörtuninni er vísað sérstaklega til fjögurra mismunandi forma meintrar ríkisaðstoðar:
- með því að ekki hafi verið haldið aðskilið bókhald vegna viðskiptastarfsemi Innovasjon Norge,
 - með því að fyrirtækið hafi afsalað sér hagnaði þar eð hagnaðarsjónarmiða hafi ekki gætt í efnahagslegri starfsemi Innovasjon Norge,
 - með því að meint aðstoð við svæðisbundnu ferðamálastofurnar og ferðastaðarstjórnirnar, sem Innovasjon Norge veitti í formi vefgrunnvirkis og tengdrar þjónustu, hafi verið á lægra verði en markaðsverði, og
 - með því að Innovasjon Norge hafi almenna undanþágu frá tekjuskatti sem eigi einnig við um atvinnustarfsemi Innovasjon Norge.

- 54) Loks heldur New Mind | tellUs því einnig fram að Innovasjon Norge hvetji viðskiptavinum sína til að slíta eldri samningum við New Mind | tellUs og bjóði svæðisbundnu ferðamálastofunum og ferðastaðarstjórnunum, sem færa sig yfir til *visitnorway.com*, endurgjaldslausu þýðingþjónustu. ⁽⁴⁸⁾

4 Ástæður þess að formleg rannsókn var hafin

- 55) Eftirlitsstofnun EFTA ákvað hinn 16. júlí 2014 að hefja formlega rannsókn af því tagi sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 1. gr. í I. hluta bókar 3.
- 56) Eftirlitsstofnunin takmarkaði hins vegar umfang formlegu rannsóknarinnar við þrjár þeirra ráðstafana sem kvartandi tilgreindi: i) að ekki hafi verið haldið aðskilið bókhald vegna viðskiptastarfsemi innan Innovasjon Norge og að vantað hafi kostnaðarfærslukerfi, ii) að fyrirtækið hafi afsalað sér hagnaði þar eð hagnaðarsjónarmiða hafi ekki gætt í efnahagslegu starfsemi og iii) meinta aðstoð sem Innovasjon Norge veitti svæðisbundnu ferðamálastofunum og ferðastaðarstjórnunum í formi verðs sem hafi ekki nægt til að fá eðlilega ávöxtun af fjárfestingunni þegar Innovasjon Norge lagði til vefgrunnvirki og veitti tengda þjónustu.
- 57) Almenna undanþágan sem Innovasjon Norge nýtur frá tekjuskatti var undanskilin í ákvörðuninni um að hefja rannsókn. ⁽⁴⁹⁾ Hafin hefur verið málsmeðferð vegna þessa máls til að kanna hvort um yfirstandandi aðstoð sé að ræða.
- 58) Varðandi ráðstafanirnar sem falla undir ákvörðunina um að hefja rannsókn tók Eftirlitsstofnun EFTA þá afstöðu til bráðabirgða að það að leggja til vefgrunnvirki og veita tengda þjónustu teldist vera atvinnustarfsemi sem unnt væri að skilja frá því að kynna Noreg sem áfangastað fyrir ferðamenn, eitt og sér. Nýja þjónustan var ekki boðin öllum svæðisbundnu ferðamálastofunum og ferðastaðarstjórnunum fyrr en 1. janúar 2014. Eftirlitsstofnun EFTA komst því að þeirri niðurstöðu að ef ráðstafanirnar væru taldar fela í sér ríkisaðstoð, jafngiltu þær nýrri aðstoð. ⁽⁵⁰⁾
- 59) Eftirlitsstofnun EFTA taldi enn fremur að ekki væri hægt að útiloka að svæðisbundnu ferðamálastofurnar og ferðastaðarstjórnirnar nyttu nýrrar ríkisaðstoðar ef komist yrði að þeirri niðurstöðu að Innovasjon Norge legði ekki samkeppnishæft verð á þjónustuna sem þeim væri veitt.
- 60) Eftirlitsstofnun EFTA hafði loks efasemdir um að meintu ríkisaðstoðarráðstafanirnar gætu talist samrýmast c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, sem aðstoð til að efla ferðþjónustu. ⁽⁵¹⁾
- 61) Að teknu tilliti til þessara bráðabirgðaniðurstaðna taldi Eftirlitsstofnun EFTA sig hvorki hafa nægar upplýsingar til að útiloka að um ríkisaðstoð væri að ræða né að hún samræmdest ekki EES-samningnum. Því var hafin formleg rannsókn.

5 Athugasemdir þriðju aðila um ákvörðunina um að hefja rannsókn

- 62) New Mind | tellUs, kvartandinn, var eini aðilinn sem lagði fram athugasemdir við ákvörðunina um að hefja rannsókn.

⁽⁴⁸⁾ Tölvupóstur frá Innovasjon Norge dags. 15. nóvember 2013 (skjal nr. 690346).

⁽⁴⁹⁾ Frekari upplýsingar er að finna í 61. og 62. mgr. í ákvörðuninni um að hefja rannsókn.

⁽⁵⁰⁾ Frekari upplýsingar er að finna í 115. til 126. mgr. í ákvörðuninni um að hefja rannsókn.

⁽⁵¹⁾ Frekari upplýsingar um rökstuðning Eftirlitsstofnunar EFTA um samrýmanleika er að finna í 129. til 137. mgr. við ákvörðunina um að hefja rannsókn.

- 63) Hvað varðar efnisleg atriði leggur kvartandi áherslu á að Innovasjon Norge hafi farið inn á markað með vefgrunnvirki og tengda þjónustu sem þegar var vel starfandi og að sú þjónusta sé atvinnustarfsemi. Innkoma á þennan markað komi ekki til vegna fyrirmæla frá ríkinu og sé í andstöðu við það meginverkefni Innovasjon Norge að efla einkaframtak.
- 64) New Mind | tellUs tekur undir þær bráðabirgðaniðurstöður Eftirlitsstofnunar EFTA að um sé að ræða ríkisfjármuni, að rekja megi áhrif til aðstoðarinnar, að ráðstöfunin sé sértæk og að mögulega sé um samkeppnisröskun að ræða.
- 65) Að því er varðar hvort um ávinning sé að ræða telur kvartandi að Innovasjon Norge hafi víxlniðurgreitt vefgrunnvirki sitt og tengda þjónustu. Kemur það til af því að bókhald er ekki tilhlýðilega aðskilið hjá Innovasjon Norge og að Innovasjon Norge afsalar sér hagnaði þegar svæðisbundnum ferðamálastofum og ferðastaðarstjórnnum er veitt þjónusta af efnahagslegum toga. Kvartandi leggur einnig áherslu á að Innovasjon Norge veiti endurgjaldslausu þýðingapjónustu (sjá málsgrein (54) hér að framan).
- 66) Kvartandi heldur því fram varðandi meinta ríkisaðstoð við svæðisbundnar ferðamálastofur og ferðastaðarstjórnir að stjórnvöld í Noregi hafi ekki upplýst þau um ákvörðunina um að hefja rannsókn.
- 67) Því er enn fremur haldið fram að þeir viðskiptavinir sem voru valdir í tilraunaverkefni hafi ekki greitt fyrir veitta þjónustu meðan á tilraunaverkefninu stóð. Verðlíkanið, sem Innovasjon Norge tók upp síðar, nái ekki yfir allan tilheyrandi kostnað og af því sé ekki eðlilegur tekjuafgangur. Einkum hefur Innovasjon Norge ekki talið allan þróunarkostnað sem tengist grunnvirkinu, sem var hannað fyrir nýju uppbygginguna (18 milljónir NOK), með í útreikningum sínum og Innovasjon Norge reiknar ekki út arðsemi fjárfestingar. Því njóta svæðisbundnu ferðamálastofunnar og ferðastaðarstjórnirnar ávinnings.
- 68) Kvartandi heldur því fram varðandi samrýmanleika að enginn markaðsbrestur sé til staðar á umræddum markaði. Það að Innovasjon Norge bjóði svæðisbundnu ferðamálastofunum og ferðastaðarstjórnunum, sem færa sig yfir á verkvang *visitnorway.com*, endurgjaldslausu eða niðurgreidda þýðingapjónustu sé þar að auki tengt skilyrði sem sé brot á lögum um hringamyndun og því geti meinta ríkisaðstoðin ekki talist samrýmanleg.
- 69) Hinn 13. janúar 2015 sendi kvartandi Eftirlitsstofnun EFTA afrit af fjárveitingabréfi ríkisins fyrir 2015. ⁽⁵²⁾ Þetta bréf staðfestir að hans álitu að starfsemi Innovasjon Norge við vefgrunnvirki og tengda þjónustu falli ekki undir umboð Innovasjon Norge en það takmarkist við almenna kynningu á Noregi sem áfangastað fyrir ferðamenn.

6 Athugasemdir stjórnvalda í Noregi við ákvörðunina um að hefja rannsókn og um umsagnir þriðju aðila

- 70) Stjórnvöld í Noregi svöruðu ákvörðuninni um að hefja rannsókn ⁽⁵³⁾ og héldu því fram að umræddar ráðstafanir fælu ekki í sér ríkisaðstoð og ef einhverjar ráðstafananna feldu í sér ríkisaðstoð bæri að flokka slíka aðstoð sem yfirstandandi aðstoð, þar eð kynning á norski ferðapjónustu hefði verið verkefni sem var í höndum forvera Innovasjon Norge áður en EES-samningurinn var undirritaður.
- 71) Að öðrum kosti, ef niðurstaðan væri sú að um nýja aðstoð væri að ræða ætti að telja hana samrýmast EES-samningnum sem endurgjald fyrir þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu, eða samkvæmt c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins sem aðstoð til að efla ferðapjónustu.
- 72) Stjórnvöld í Noregi halda því fram að „*ef unnt er að skilja atvinnustarfsemi frá verkefnum opinbers aðila megi líta svo á að aðilinn sé fyrirtæki að því er það hlutverk varðar. Ef hins vegar er ekki unnt að skilja starfsemina í sundur ber að líta svo á að öll starfsemin sé ekki af efnahagslegum toga*“ ⁽⁵⁴⁾ Á þeirri forsendu líta stjórnvöld í Noregi svo á að Eftirlitsstofnun

⁽⁵²⁾ Viðbótarupplýsingar frá kvartanda (tölvupóstur frá kvartanda dags. 13. janúar 2015 (skjal nr. 734800)).

⁽⁵³⁾ Svar Innovasjon Norge við ákvörðuninni um að hefja rannsókn (skjal nr. 720775).

⁽⁵⁴⁾ Sama heimild.

EFTA hafi misskilið staðreyndir, þar eð umrædd þjónusta, þ.e. vefgrunnvirki og tengd þjónusta, er ekki veitt ein og sér heldur aðeins sem samþættur hluti af þeirri þjónustu sem er veitt í gegnum *visitnorway.com* og líta beri á hana í heild sem aðra starfsemi en starfsemi af efnahagslegum toga. Það að veita svæðisbundnum ferðamálastofum og ferðastaðarstjórnnum þessa þjónustu sé hluti af því verkefni Innovasjon Norge að kynna Noreg sem áfangastað fyrir ferðamenn, sem aftur sé síðan hluti af landsáætlun um að efla ferðaþjónustu sem atvinnugrein. Því er ekki hægt að meta vefgrunnvirki og tengda þjónustu eina og sér heldur einungis sem hluta af kynningarstarfsemi Innovasjon Norge.

- 73) Hvað sem öðru líður notar Innovasjon Norge verðlíkan fyrir grunnkostnað þegar það gerir samninga um að veita þjónustu gegn endurgjaldi, til þess að tryggja að allur viðeigandi kostnaður vegna þjónustunnar sé tekinn með í reikninginn. Þessi aðferðafræði var kerfisbundin með „*leiðbeinandi reglum um notendagreiðslur*“ sem teknar eru úr fjárveitingabréfi Innovasjon Norge fyrir 2011, ⁽⁵⁵⁾ og Innovasjon Norge hefur beitt henni frá árinu 2011. Innovasjon Norge hefur einnig beitt þessari aðferðafræði við skiptingu kostnaðar í sérstöku samningunum sem gerir Innovasjon Norge kleift að standa undir öllum kostnaði sem tengist slíkum samningum. Innovasjon Norge hefur einnig fellt væntan hagnað, sem nemur [milli ...% og ...%], inn í fjárhagsáætlun sína og verð. Stjórnvöld í Noregi hafa einnig gert grein fyrir því að ferðaþjónustan, og þá einkum markaður með vefgrunnvirki og þjónustu, sé atvinnugrein sem tekur sífelldum breytingum. Af þessu leiðir að Innovasjon Norge og *visitnorway.com* verða að aðlaga þjónustuna að tækni- og markaðsþróun.
- 74) Að því er samrýmanleika varðar halda stjórnvöld í Noregi því fram að beita eigi reglum um þjónustu í almannabágu er hefur almenna, efnahagslega þýðingu. Ef sú þjónusta sem verið er að meta í þessu tilviki telst efnahagsleg starfsemi og ef komist er að þeirri niðurstöðu að um aðstoð sé að ræða ætti samkvæmt norskum stjórnvöldum að meta slíka aðstoð samkvæmt reglum um samrýmanleika þjónustu í almannabágu er hefur almenna, efnahagslega þýðingu. ⁽⁵⁶⁾ Er það álit stjórnvalda í Noregi að veiting þessarar þjónustu sé í anda ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar nr. 2012/21/EB frá 20. desember 2012 um beitingu 2. mgr. 106. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins varðandi ríkisaðstoð sem er fólgin í endurgjaldi fyrir almannabjónustu og rennur til tiltekinna fyrirtækja sem falið er að veita þjónustu er hefur almenna, efnahagslega þýðingu. ⁽⁵⁷⁾
- 75) Stjórnvöld í Noregi halda því einnig fram að lýsa eigi umræddar ráðstafanir samrýmanlegar framkvæmd EES-samningsins samkvæmt c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins sem ríkisaðstoð við ferðaþjónustu.
- 76) Stjórnvöld í Noregi leggja áherslu á að við það að veita svæðisbundnum ferðamálastofum og ferðastaðarstjórnnum aðgang að verkvanginum hafi samkeppni aukist á síðari stigum á markaði fyrir *stadsetningarþjónustu*. Taka þurfi tillit til þessa til mótvægis við hugsanleg neikvæð áhrif af hinni meintu aðstoð. Stjórnvöld í Noregi greina frá því að samkeppnisþrýstingur hafi aukist á þessum markaði vegna þess að *visitnorway.com* safnar saman upplýsingum um vörur í ferðaþjónustu frá öllum hugsanlegum samkeppnisaðilum, þ.e. New Mind | tellUs og CityBreak eða sérhverju öðru félagi sem gæti komið inn á markaðinn. Áður fyrr var New Mind | tellUs eini þjónustuveitandinn á markaðnum. Þar að auki býður Innovasjon Norge verkvanginn svæðisbundnum ferðamálastofum og ferðastaðarstjórnnum sem eru ekki í samkeppni við fyrirtæki utan landamæra Noregs.
- 77) Stjórnvöld í Noregi vefengja að Innovasjon Norge veiti þeim svæðisbundnu ferðamálastofum og ferðastaðarstjórnnum endurgjaldslausu þýðingabjónustu sem hafa undirritað sérstöku samningana, og hafa greint frá því hvernig Innovasjon Norge stendur undir þýðingakostnaði við mismunandi aðstæður. Almenn stendur Innovasjon Norge undir hluta af þeim þýðingakostnaði

⁽⁵⁵⁾ Í 2. viðauka við svar sitt við ákvörðuninni um að hefja rannsókn (skjali nr. 720777) sendu stjórnvöld í Noregi Eftirlitsstofnun EFTA enska þýðingu á skjalinu „*Endurskoðun á úthlutun til fyrirtækjaþróunar og stjórnunar hjá Innovasjon Norge*“ (70. liður kafla 2421) Kostnaðarverðslíkanið er byggt á fjölda vinnustunda hjá Innovasjon Norge við að veita þjónustu gegn greiðslu.

⁽⁵⁶⁾ Stjórnvöld í Noregi halda því ekki fram að ekki sé um að ræða ríkisaðstoð með því að beita skilyrðunum í *Altmark* heldur að meintar ríkisaðstoðarráðstafanir séu samrýmanlegar í ljósi anda ákvörðunarinnar um þjónustu í almannabágu er hefur almenna, efnahagslega þýðingu.

⁽⁵⁷⁾ Stjtið. ESB L 7, 11.1.2012, bls. 3–10.

svæðisbundinna ferðamálastofa og ferðastaðarstjórna sem fellur til vegna upplýsinga til hagsbóta fyrir almenning og er það hluti af verkefni þess að kynna Noreg sem áfangastað fyrir ferðamenn. Innovasjon Norge stendur hins vegar aðeins undir 50% hluta af þýðingakostnaði svæðisbundinna ferðamálastofa og ferðastaðarstjórna vegna tiltekinna áhugaverðra staða.⁽⁵⁸⁾ Þetta er almenna reglan gagnvart öllum svæðisbundnum ferðamálastofum og ferðastaðarstjórnnum. Innovasjon Norge stendur hins vegar ekki undir neinum þýðingakostnaði hjá svæðisbundnum ferðamálastofum og ferðastaðarstjórnnum sem hafa fært sig yfir til *visitnorway.com* (þ.e. sérstöku samstarfsaðilunum). Með öðrum orðum verða sérstöku samstarfsaðilarnir af þýðingapjónustunni. Þvert á það sem kvartandi heldur fram er því enginn hvati til að undirrita sérstakan samstarfssamning í því skyni að hljóta greiðslur vegna þýðingakostnaðar.

- 78) Stjórnvöld í Noregi leggja áherslu á það í svari við athugasemdum kvartanda að Innovasjon Norge er ekki samkeppnisaðili New Mind | tellUs. Aðgangur svæðisbundnu ferðamálastofanna og ferðastaðarstjórnanna að *visitnorway.com* hefur að sönnu leitt til þess að þjónusta sjálfstæðra tækniyrirtækja hefur að hluta til orðið úrelt, en Innovasjon Norge er ekki í beinni samkeppni við kvartanda. Innovasjon Norge kemur með öðrum orðum ekki í stað New Mind | tellUs sem veitandi tækniþjónustu heldur er ekki lengur þörf á hluta af virkninni (svo sem *TellUs search*) eða hún er ekki tæknilega fýsileg.
- 79) Stjórnvöld í Noregi hafa einnig lagt fram gögn fyrir Eftirlitsstofnun EFTA sem sýna að Innovasjon Norge hafi upplýst svæðisbundnu ferðamálastofurnar og ferðastaðarstjórnirnar um ákvörðunina um að hefja rannsókn. Innovasjon Norge sendi tölvupóst til allra sérstöku samstarfsaðilanna (meintrá aðstoðarþega ríkisaðstoðar) og á vefsetri Innovasjon Norge var einnig vísað til ákvörðunninnar um að hefja rannsókn.⁽⁵⁹⁾
- 80) Stjórnvöld í Noregi töldu loks í svari við síðasta tölvupósti frá kvartanda⁽⁶⁰⁾ (sem um getur í málsgrein (69) hér að framan) að því atriði sem New Mind | tellUs benti á hefði þegar verið svarað eins og vera bæri. Því væri ekki þörf á frekari skýringum.⁽⁶¹⁾

II. MAT

1 Er um ríkisaðstoð að ræða?

- 81) 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins hljóðar svo:
- „Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.“*
- 82) Ráðstöfun telst ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins ef hún fullnægir fjórum skilyrðum. Í fyrsta lagi verður ráðstöfunin að vera aðstoð sem ríkið fjármagnar eða fjármögnun með ríkisfjármunum og eiga rætur að rekja til ríkisins. Í öðru lagi verður ráðstöfunin að veita efnahagslegan ávinning. Í þriðja lagi verður ráðstöfunin að vera í þágu tiltekins fyrirtækis eða tiltekinna atvinnustarfsemi. Í fjórða lagi verður ráðstöfunin að vera til þess fallin að hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna og vera líkleg til að raska samkeppni á EES-svæðinu.
- 83) Fullnægja verður öllum skilyrðum 1. mgr. 61. gr. til þess að um ríkisaðstoð sé að ræða.⁽⁶²⁾

1.1. Gildissvið þessarar ákvörðunar

- 84) Ákvörðunin um að hefja rannsókn varðar meinta ríkisaðstoð við Innovasjon Norge og við svæðisbundnu ferðamálastofurnar og ferðastaðarstjórnirnar. Samkvæmt upplýsingum, sem kvartanda og stjórnvöldum í Noregi bárust, beindust áhyggjur Eftirlitsstofnunar EFTA að

⁽⁵⁸⁾ Stjórnvöld í Noregi hafa skýrt frá því að *visitnorway.com* veiti almennar upplýsingar og vöruupplýsingar. Með almennum upplýsingum er átt við upplýsingar til almennings, svo sem fréttir um norðurljós o.s.frv. Vöruupplýsingar eiga við um tiltekna viðskiptastarfsemi, þ.e. hótél, ferðapjónustu o.s.frv. Sjá málsgrein (48) hér að framan.

⁽⁵⁹⁾ Í I. viðauka við bréf Innovasjon Norge dagsett 24. nóvember 2014. Umsagnir við athugasemdir New Mind | tellUs (skjal nr. 730560).

⁽⁶⁰⁾ Viðbótarupplýsingar frá kvartanda. Tölvupóstur frá kvartanda dagsettur 13. janúar 2015 (skjal nr. 734800).

⁽⁶¹⁾ Svar stjórnvalda í Noregi við tölvupósti sem kvartandi sendi dagsettum 13. janúar 2015, sjá neðanmálsgrein hér að framan (skjal nr. 742759).

⁽⁶²⁾ Dómar í málnum *Belgía gegn framkvæmdastjórninni (Tubemeuse)*, C-142/87, EU:C:1990:125, 25. mgr. og í *France Télécom (Bouygues)*, T-425/04 RENV og T-444/04 RENV, EU:T:2015:450, 186. mgr.

vefgrunnvirkinu og tengdu þjónustunni sem Innovasjon Norge lagði svæðisbundnu ferðamálastofunum og ferðastaðarstjórnunum til með gerð sérstöku samstarfssamninganna.

- 85) Eftirlitsstofnun EFTA hefur hins vegar komist að þeirri niðurstöðu í formlegu málsmeðferðinni að til að meta hegðun Innovasjon Norge á markaði fyrir vefgrunnvirki og tengda þjónustu sé einnig nauðsynlegt að meta aðra þjónustu sem Innovasjon Norge hefur veitt svæðisbundnum ferðamálastofum og ferðastaðarstjórnunum í viðskiptaskyni, þ.e. kynningar- og markaðssetningarþjónustu fyrir sérefni. Ástæðan er sú að í umfjöllun í viðskiptaáætlun Innovasjon Norge um nýju uppbygginguna er getið um báðar tegundir þjónustunnar.
- 86) Af því leiðir að jafnvel þótt sértæk kynningar- og markaðssetningarþjónusta hafi ekki heyrt undir ákvörðunina um að hefja rannsókn, og heyri ekki undir þessa ákvörðun, mun Eftirlitsstofnun EFTA byggja á henni að því marki sem nauðsyn krefur við ákvörðun um meintar ríkisaðstoðarráðstafanir með því að leggja til vefgrunnvirki og veita tengda þjónustu.

1.2. Hugsanlegar ríkisaðstoðarráðstafanir við Innovasjon Norge

1.2.1. Hvort líta megi á Innovasjon Norge sem „fyrirtæki“

- 87) Af 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins leiðir að ráðstafanir verði að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara til að teljast ríkisaðstoð. Ákvæði 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins eiga aðeins við þegar aðstoðarþegi er fyrirtæki. Þar af leiðandi er nauðsynlegt að kanna hvort Innovasjon Norge teljist fyrirtæki í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.
- 88) Fyrirtæki eru einingar sem stunda efnahagslega starfsemi, óháð því hver lögformleg staða þeirra er og hvernig þau eru fjármögnuð. ⁽⁶³⁾ Efnahagsleg starfsemi felst í því að bjóða vörur og þjónustu á markaði. ⁽⁶⁴⁾ Allir aðilar, sem eru sérstakir lögaðilar aðgreindir frá ríkinu og stunda atvinnustarfsemi, teljast vera „fyrirtæki“. 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins tekur til allra opinberra fyrirtækja og einkafyrirtækja. ⁽⁶⁵⁾
- 89) Ef aðili stundar atvinnustarfsemi ber að líta á hann sem fyrirtæki að því er þá tilteknu þjónustu varðar án vísunar til þess hvernig flokka beri aðra starfsemi sem hann stundar. ⁽⁶⁶⁾
- 90) Stjórnvöld í Noregi hafa haldið því fram að ekki sé unnt að skilgreina veitingu vefgrunnvirkis og tengdrar þjónustu sem atvinnustarfsemi. Að þeirra mati sé ekki unnt að aðskilja þá þjónustu frá þjónustu sem er veitt svæðisbundnu ferðamálastofunum og ferðastaðarstjórnunum í því skyni að kynna Noreg sem áfangastað fyrir ferðamenn í gegnum *visitnorway.com*. Þar eð þróun og umsjón þessa verkvangs eigi að uppfylla það markmið að kynna Noreg sem áfangastað fyrir ferðamenn og ekki sé unnt að skilgreina það almenna verkefni sem atvinnustarfsemi sé ekki heldur hægt að skilgreina þá upplýsingatækniþjónustu sem hér er til athugunar sem atvinnustarfsemi.
- 91) Eftirlitsstofnun EFTA heldur hinu gagnstæða fram og staðfestir bráðabirgðamatíð sem kom fram í ákvörðuninni um að hefja rannsókn.
- 92) Í fyrsta lagi bendir Eftirlitsstofnun EFTA á að samkvæmt fjárveitingabréfi 2013 ⁽⁶⁷⁾ sé Innovasjon Norge heimilt að sinna bæði atvinnustarfsemi og annarri starfsemi að því tilskildu að hvor tveggja starfsemin sé ekki fjármögnuð með sama hætti: atvinnustarfsemin þarf að fara fram á markaðsforsendum og viðskiptavinir þurfa því að fjármagna hana. Því er það mögulegt lagalega séð að Innovasjon Norge veiti efnahagslega þjónustu og aðra þjónustu samhliða.

⁽⁶³⁾ Dómar í málunum *Höfner og Elser* gegn *Macroton*, C-41/90, EU:C:2011:732, 21.–23. mgr., *Pavlov og aðrir*, C-180/98 til C-184/98, EU:C:2000:428 og mál E-5/07 *Private Barnehagers Landsforbund* [2008] skýrsla EFTA dómstólsins bls. 61, 78. mgr.

⁽⁶⁴⁾ Dómur í málinu *Ministero dell'Economica e delle Finanze* gegn *Cassa di Risparmio di Firenze SpA*, C-222/04, EU:C:2006:8, 108. mgr.

⁽⁶⁵⁾ Dómur í málinu *Banco Exterior de España*, C-37/92, EU:C:1993:836, 11. mgr.

⁽⁶⁶⁾ Innan sama geira getur atvinnustarfsemi farið fram samhliða annarri starfsemi og jafnvel verið í höndum sömu stofnunar. Við þær aðstæður skal aðili einungis teljast fyrirtæki að því er varðar atvinnustarfsemi hans. Sjá dóm í málinu *frankvæmdastjórnin* gegn *Ítalíu*, C-118/85, EU:C:1987:283, 7. mgr. Sjá einnig ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um ríkisaðstoð C-22/2003 (Ítalía) *Endurbætur á þjálfunarstofnunum* (Stjúið. ESB L 81, 18.3.2006, bls. 25), 43. mgr.

⁽⁶⁷⁾ Skjalið má finna á eftirfarandi slóð: https://www.regjeringen.no/globalassets/upload/NHD/Vedlegg/Brev/2013_oppdraagsbrev_innovasjon norge.pdf#search=OPPDRAAGSBREV®j_oss=1

- 93) Í öðru lagi lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á að þótt Innovasjon Norge sé í ákveðnum tilvikum verkfæri ríkisins til að tryggja almenna kynningu á Noregi og bjóði hvað það varðar ekki þjónustu eða vörur á markaði sé það ekki næg ástæða til að álykta að Innovasjon Norge bjóði ekki aðra efnahagslega þjónustu á sviði ferðaþjónustu.
- 94) Eftirlitsstofnun EFTA fellst í þriðja lagi á að kynning á Noregi sem áfangastað fyrir ferðamenn sé ekki atvinnustarfsemi. Innovasjon Norge býður hins vegar mismunandi tegundir þjónustu á verkvanginum. Innovasjon Norge býður markaðssetningu og kynningu á almennu efni um Noreg, þ.e. almennar upplýsingar um bjartar nætur, veður, landfræðileg einkenni landsins o.s.frv, en einnig sérefni um ferðaþjónustu, þ.e. kynningu á hótélum, veitingastöðum og öðrum fyrirtækjum. Markaðssetning á almennum upplýsingum um Noreg er ekki atvinnustarfsemi en kynning á tilteknum ferðaþjónustufyrirtækjum er atvinnustarfsemi.
- 95) Eftirlitsstofnun EFTA getur ekki fallist á þau rök að það að leggja svæðisbundnu ferðamálastofunum og ferðastaðarstjórnunum til vefgrunnvirki og veita tengda þjónustu teljist ekki atvinnustarfsemi vegna þess að lokamarkmiðið sé starfsemi sem er ekki í atvinnuskyni, það er almenn kynning á Noregi sem áfangastað fyrir ferðamenn. Að mati Eftirlitsstofnunar EFTA skiptir markmið stjórnvalda í Noregi ekki máli við mat á því hvort Innovasjon Norge stundi atvinnustarfsemi. Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að kynning á einkareknum ferðaþjónustufyrirtækjum feli í sér atvinnustarfsemi.
- 96) Í réttarframkvæmd er viðurkennt að í ákveðnum tilvikum „*sé ekki þörf á að kljúfa starfsemi tengda vörukaupum frá notkun þeirra síðar til að ákvarða eðli kaupastarfseminnar og að ákvarða verði eðli kaupastarfseminnar miðað við það hvort notkun á vörunum síðar teljist atvinnustarfsemi eða ekki*“.⁽⁶⁸⁾ Eftirlitsstofnun EFTA minnir hins vegar á að viðtakendur upplýsingatækniþjónustu Innovasjon Norge, svæðisbundnu ferðamálastofunnar og ferðastaðarstjórnirnar, nýta þessa þjónustu einnig bæði til að sinna efnahagslegri þjónustu og annari þjónustu. Svæðisbundnu ferðamálastofunnar og ferðastaðarstjórnirnar sjá um almenna kynningu á ferðaþjónustu á starfssvæðum sínum, en einnig sértæka ferðaþjónustu fyrir hönd hluthafa og viðskiptavina. Eftirlitsstofnun EFTA kemst því að þeirri niðurstöðu að Innovasjon Norge veiti efnahagslega þjónustu.
- 97) Í fjórða lagi telur Eftirlitsstofnun EFTA að ekki sé nauðsynlegt að leggja einnig til vefgrunnvirki og veita tengda þjónustu í því skyni að kynna Noreg sem áfangastað fyrir ferðamenn, öfugt við það sem stjórnvöld í Noregi halda fram, sjá málsgrein (90) hér að framan. Innovasjon Norge hafði í reynd náð góðum árangri í kynningu á Noregi fram til 2013 þrátt fyrir að hafa aðeins boðið þessa vefþjónustu frá þeim tíma í gegnum sérstöku samstarfssamningana. Eftirlitsstofnun EFTA leggur áherslu á að stjórnvöld í Noregi hafi ekki lagt nein gögn fram sem leiði til þeirrar niðurstöðu að kynning Innovasjon Norge á ferðaþjónustu í landinu yrði ekki skilvirk nema umrædd vefþjónusta væri boðin í gegnum *visitnorway.com*. Eftirlitsstofnun EFTA fellst því ekki á að það sé nauðsynlegt að leggja til vefgrunnvirki og veita tengda þjónustu til þess að kynna Noreg sem áfangastað fyrir ferðamenn. Eftirlitsstofnun EFTA fær því ekki séð að þjónustan sé óaðskiljanleg.
- 98) Í fimmta lagi minnir Eftirlitsstofnun EFTA á að þegar skilgreint er að þjónusta sé af efnahagslegum toga skiptir verulegu máli hvort samkeppni ríki á umræddum markaði, þ.e. hvort aðrir aðilar bjóði jafngildar eða hliðstæðar vörur og þjónustu.⁽⁶⁹⁾ Einkafyrirtæki, eins og kvartandi, leggja einnig til vefgrunnvirki og veita tengda þjónustu og Eftirlitsstofnun EFTA kemst því að þeirri niðurstöðu að því skilyrði sé fullnægt í þessu máli.
- 99) Dómstóll Evrópusambandsins hefur lagt áherslu á það í dómaframkvæmd sinni að almennt standi atvinnustarfsemi til boða gegn gjaldi.⁽⁷⁰⁾ Bæði kvartandi og Innovasjon Norge leggja til vefgrunnvirki og veita tengda þjónustu gegn gjaldi og því telur Eftirlitsstofnun EFTA þetta vera aðra ástæðu fyrir því að skilgreina eigi þjónustuna sem efnahagslega.

⁽⁶⁸⁾ Sjá dóm í málinu *Federación Española de Empresas de Tecnología Sanitaria (FENIN)* gegn *frankvæmdastjórninni*, C-205/03, EU:C:2006:453, 26. mgr.

⁽⁶⁹⁾ Álit lögsögumanns í málinu *Federación Española de Empresas de Tecnología Sanitaria (FENIN)* gegn *frankvæmdastjórninni*, C-205/03, EU:C:2005:666, 31. mgr.

⁽⁷⁰⁾ Sjá dóma í málunum *Pavel Pavlov og aðrir*, C-180/98 til C-184/98, EU:C:2000:428, 76. mgr. og í *Ambulanz Glöckner*, C-475/99, EU:C:2001:577, 20. mgr.

- 100) Eftirlitsstofnun EFTA telur að þessi niðurstaða eigi einnig við þótt Innovasjon Norge leggi hvorki til vefgrunnvirki né veiti tengda þjónustu sem sjálfstæða þjónustu. Þegar vefsetur svæðisbundinna ferðamálastofa og ferðastaðarstjórna eru felld inn í *visitnorway.com* þiggja svæðisbundnu ferðamálastofurnar og ferðastaðarstjórnirnar þjónustu verkvangsins sem þau keyptu áður af einkafyrirtækjum gegn gjaldi. Því skiptir ekki máli hvort þessi þjónusta standi aðeins svæðisbundnum ferðamálastofum og ferðastaðarstjórnunum til boða og ekki öðrum ferðaðjónustufyrirtækjum.
- 101) Því kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að Innovasjon Norge sé fyrirtæki í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins þegar það leggur til vefgrunnvirki og veitir tengda þjónustu.

1.2.2. Efnahagslegur ávinningur

- 102) Eins og þegar hefur komið fram hafa stjórnvöld í Noregi haldið því fram að þegar Innovasjon Norge leggi til vefgrunnvirki og veiti tengda þjónustu þurfi að túlka það í samhengi við starfsemi Innovasjon Norge við að kynna ferðaðjónustu sem er hluti af því markmiði Noregs að fækka svæðisbundnum ferðamálastofum og ferðastaðarstjórnunum og auka skilvirkni í ferðaðjónustu. Eftirlitsstofnun EFTA minnir á að samkvæmt 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins er ekki gerður greinarmunur á ráðstöfunum af hálfu ríkisins með vísan til orsaka eða markmiða, heldur eru þau skilgreind með vísan til afleiðinga. ⁽⁷¹⁾ Dómstóll Evrópusambandsins hefur tekið fram að „*af þessu leiðir að notuð er hlutlæg skilgreining á hugtakinu ríkisaðstoð og viðmiðið er hvort ráðstöfun á vegum ríkisins ívilnar einu eða fleiri tilteknum fyrirtækjum*“.⁽⁷²⁾ Tilgangur nýju uppbyggingar norskrar ferðaðjónustu skiptir því ekki máli við ákvörðun um hvort ávinningur og ríkisaðstoð felist í meintu ráðstöfununum.
- 103) Í þessu máli ræðst það hvort um ávinning teljist vera að ræða af því i) hvort Innovasjon Norge hafi víxlniðurgreitt atvinnustarfsemi með almannafé sem var ætlað til endurgjalds vegna annarrar starfsemi og ii) hvort Innovasjon Norge hafi krafist viðunandi ávöxtunar eigin fjár (eðlilegs hagnaðar) fyrir efnahagslegu þjónustuna sem það veitti svæðisbundnu ferðamálastofunum og ferðastaðarstjórnunum.
- 104) Lagt verður mat á þessi tvö álitaefni í næstu tveimur undirköflum. Í mati sínu mun Eftirlitsstofnun EFTA ákvarða hvort svæðisbundnu ferðamálastofurnar og ferðastaðarstjórnirnar hafi greitt lægra verð en gilt hefði við samkeppnisaðstæður (þ.e. markaðsstyrkur ekki fyrir hendi) fyrir þjónustuna sem var keypt af Innovasjon Norge. Eftirlitsstofnun EFTA telur að sanngjarnt staðgöngugildi fyrir slíkt samkeppnisstig sé verð sem nægi til að standa undir viðbótarkostnaði, þ.e. sem rekja megi beint til breytilegs kostnaðar og hæfilegrar hlutdeildar í sameiginlegum (föstum) kostnaði að viðbætti viðunandi arðsemi eigin fjár.⁽⁷³⁾

1.2.2.1. Víxlniðurgreiðsla á vefgrunnvirki og tengdri þjónustu

- 105) Þegar aðili stundar samhliða atvinnustarfsemi og aðra starfsemi verður kostnaðarbókhald að vera til staðar sem tryggir að atvinnustarfsemi sé ekki fjármögnuð með ríkisfjármunum sem eru ætlaðir annarri starfsemi þess aðila.⁽⁷⁴⁾

⁽⁷¹⁾ Mál E-6/98, *Noregur gegn Eftirlitsstofnun EFTA*, skýrsla EFTA-dómstólsins frá 1998, bls. 242, 34. mgr. Sjá einnig dóma í málunum *framkvæmdastjórnin og Spánn gegn ríkisstjórn Gíbraltar og Bretlands*, C-106/09 og C-107/09, EU:C:2011:732 og *Frakkland gegn framkvæmdastjórninni*, C-241/94, EU:C:1996:353, 19. og 20. mgr.

⁽⁷²⁾ Dómur í málinum *Ladbroke Racing gegn framkvæmdastjórninni*, T-67/94, EU:T:1998:7, 52. mgr. og *SIC gegn framkvæmdastjórninni*, T-46/97, EU:T:2000:123, 83. mgr.

⁽⁷³⁾ Dómur í málinu *Chronopost SA gegn framkvæmdastjórninni*, C-83/01 P og C-94/01P, EU:C:2003:388, 40. mgr.

⁽⁷⁴⁾ Sjá sem dæmi ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 84/15/COL *um meinta víxlniðurgreiðslu á fræðslu um öryggismál fyrir sjómenn sem Redningsselskapet og Háskólinn í Tromsø standa að* (Stjtið. ESB C 139, 11.6.2015, bls. 9) sem er að finna á eftirfarandi vefslóð: <http://www.eftasurv.int/media/esa-docs/physical/84-15-COL.pdf>, nr. 142/03/COL *um endurskipulagningu og yfirfærslu á almannafé til Atvinnurannsóknastofnunar* (Stjtið. ESB C 248, 16.10.2003, bls. 6), nr. 343/09/COL *um sölu sveitarstjórnarinnar í Time á fasteignum með auðkenninum 1/152, 1/301, 1/630, 4/165, 2/70, 2/32* (Stjtið. ESB L 123, 12.5.2011, bls. 72), nr. 496/13/COL *um fjármögnun tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu* (Stjtið. ESB L 172, 12.6.2014, bls. 36), 56. mgr. og ákvarðanir sem þar um getur og nr. 174/13/COL *um fjármögnun á sorphirðu sveitarfélagsins* (Stjtið. ESB C 263, 12.9.2013, bls. 5). Á sama hátt er tekið fram í leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar: „*Þegar sama stofnunin er bæði með starfsemi sem rekin er í viðskiptaskyni og aðra starfsemi sem ekki er rekin í viðskiptaskyni fellur opinber fjármögnun starfseminnar sem ekki er rekin í viðskiptaskyni ekki undir 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, svo fremi að unnt sé að aðgreina með skýrum hætti þessar tvær gerðir starfsemi og kostnað hennar, fjármögnun og tekjur til að koma með skilvirkum hætti í veg fyrir víxlniðurgreiðslu á atvinnustarfseminni. Sönnur á því að kostnaði, fjármögnun og tekjum hefur verið úthlutað með réttum hætti geta falist í árlægum reikningskilum aðilans sem um ræðir*“ (18. mgr., leturbreyting hér).

- 106) Fyrirkomulag á skiptingu kostnaðar ætti að vera hlutlægt og gagnsætt til að tryggja að ríkisfjármunir, sem er úthlutað til annarrar starfsemi aðilans en atvinnustarfsemi hans, standi ekki undir viðbótarkostnaði er tengist atvinnustarfseminni. Ef slíku er ekki fyrir að fara getur atvinnustarfsemin notið ávinnings vegna almannaááfrjár sem er veitt til annarrar starfsemi. Í innra bókhaldi þarf enn fremur að vera unnt að greina kostnað og tekjur sem eiga við hverja þjónustu um sig. ⁽⁷⁵⁾
- 107) Því mun Eftirlitsstofnun EFTA kanna hvort Innovasjon Norge hafi fylgt aðferðafræði sem gerði því kleift að aðgreina kostnað og tekjur af atvinnustarfsemi og annarri starfsemi í því skyni að koma í veg fyrir áhættu af víxlviðurgreiðslu mismunandi þátta í starfsemi Innovasjon Norge. Eftirlitsstofnun EFTA mun einnig meta bókhald Innovasjon Norge varðandi efnahagslega þjónustu sem svæðisbundnu ferðamálastofunum og ferðastaðarstjórnunum var veitt.

Fyrirkomulag kostnaðarskiptingar

- 108) Eins og þegar hefur komið fram ber opinberu fyrirtæki sem stundar atvinnustarfsemi samhliða annarri starfsemi að koma á bókhaldskerfi og fylgja ferlum sem gera því kleift að úthluta öllum viðbótarkostnaði, sem fellur til við að veita efnahagslegu þjónustuna, á bókhaldsliðina sem atvinnustarfsemin notar. ⁽⁷⁶⁾
- 109) Með vísan til upplýsinga, sem Innovasjon Norge lagði fram, hefur Eftirlitsstofnun EFTA komist að þeirri niðurstöðu að eftirfarandi kostnaður sé sameiginlegur: i) þróunarkostnaður vegna verkefnis um nýja uppbyggingu, ii) almennur rekstrarkostnaður, þ.e. eftirfylgni og stjórnun, stuðningur vefstjóra o.s.frv og iii) tæknilegur rekstrarkostnaður við verkvanginn, þ.e. ráðgjafar fyrir upplýsingatækni, árleg gjöld vegna hugbúnaðarleyfa, viðhald á vél- og hugbúnaði, o.s.frv. ⁽⁷⁷⁾
- 110) Stjórnvöld í Noregi hafa gert grein fyrir því að **þróunarkostnaðurinn** nemi kostnaði af verkefnastjórnun, þróun á hugmyndinni, tækniþróun og endurbótum, prófunum og vinnu ráðgjafa við undirbúning á *visinorway.com* vegna verkefnisins fyrir nýju uppbygginguna. Þróunarkostnaðurinn var um það bil 18 milljónir NOK á árinu 2013. ⁽⁷⁸⁾
- 111) Samkvæmt svari stjórnvalda í Noregi við ákvörðuninni um að hefja rannsókn ⁽⁷⁹⁾ var 4 milljónum NOK ráðstafað vegna efnahagslegrar þjónustu sem var veitt í gegnum verkvanginn. Samkvæmt framlögðum upplýsingum er mikill meirihluti rekstrar- og tæknikostnaðar við nýju uppbygginguna (um það bil 89%), að teknu tilliti til skiptingar á kostnaði miðað við algjört gagnsæi milli almennar markaðssetningar og sértækrar markaðssetningar, tengdur almennri markaðssetningu á Noregi (sem er ekki atvinnustarfsemi). ⁽⁸⁰⁾ Því eru 4 milljónir NOK af þróunarkostnaðinum taldar sem fjárfestingakostnaður í viðskiptalíkani Innovasjon Norge. Stjórnvöld í Noregi hafa lagt fram upplýsingar sem staðfesta að þetta er eðlileg ráðstöfun á þróunarkostnaði. Innovasjon Norge hefur nánar tiltekið greint Eftirlitsstofnun EFTA frá því að eftir kembirannsókn á 15,766 síðum með ritstjórnarefni og 19,000 skráningum hafi verið reiknað út að 84,3% allra flettinga hafi verið flokkaðar sem almenn markaðssetning og 15,7% allra flettinga hafi verið skráningar fyrirtækja á tímabilinu 23. mars 2014 til 23. mars 2015. ⁽⁸¹⁾ Þar af leiðandi ætti að úthluta meirihluta þróunarkostnaðar til annarrar þjónustu á verkvanginum en efnahagslegrar þjónustu.
- 112) Eftirlitsstofnun EFTA vekur athygli á því, miðað við upplýsingarnar sem bárust og um getur hér að framan, að hlutfall þróunarkostnaðar sem er ráðstafað í efnahagslega þjónustu Innovasjon Norge sé 20%, sem er meira en raunverulegi hluti kostnaðarins af kynningu á sérefni eins og um getur hér að framan. Eftirlitsstofnun EFTA kemst því að þeirri niðurstöðu að úthlutun á 4 milljónum NOK í viðskiptalíkani fyrir sérstöku samstarfssamningana sé sanngjarnt og réttmætt.

⁽⁷⁵⁾ Þessi skilyrði eru sett fram í gagnsæistilskipun (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/111/EB frá 16. nóvember 2006 um gagnsæi fjármálatengsla milli aðildarríkjanna og opinberra fyrirtækja, svo og gagnsæi í fjármálum tiltekinnna fyrirtækja (Stjúd. ESB L 318, 17.11.2006, bls. 17), felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/2007 frá 8. júní 2007 (Stjúd. ESB L 266, 11.10.2007, bls 15 og EES viðbætur nr. 48, 11.10.2007, bls. 12).

⁽⁷⁶⁾ Dómur í málinu *Chronopost SA* gegn framkvæmdastjórninni, C-83/01 P og C-94/01 P, EU:C:2003:388, 40. mgr.

⁽⁷⁷⁾ Vísað er til myndar sem fylgir bréfi Innovasjon Norge dagsettu 28. október 2013 (skjal nr. 688215).

⁽⁷⁸⁾ Eftirlitsstofnun EFTA vekur athygli á því að tekið var tillit til þróunarkostnaðar í fjárhagsáætlun Innovasjon Norge fyrir 2013, árið sem stofnað var til kostnaðarins. Frekari upplýsingar er að finna í málsgreinum 113) til 115).

⁽⁷⁹⁾ Svar Innovasjon Norge við ákvörðuninni um að hefja rannsókn (skjal nr. 720775).

⁽⁸⁰⁾ Viðhengi við bréf frá Innovasjon Norge til Eftirlitsstofnunar EFTA dagsett 14. apríl 2015 (skjal nr. 753927).

⁽⁸¹⁾ Í 2. viðhengi við bréf frá Innovasjon Norge til Eftirlitsstofnunar EFTA dags. 14. apríl 2015 (skjal nr. 753927).

- 113) Kvartandi heldur því hins vegar fram að hluti af kostnaði við uppsetningu á verkvanginum sjálfum árið 2007 ætti einnig að vera innifalinn í þróunarkostnaðinum.
- 114) Innovasjon Norge staðfestir að þessi kostnaður hafi ekki verið tekinn með í kostnaðarútreikningnum. Innovasjon Norge heldur því fram að verkvangurinn hafi þegar verið til staðar fyrir undirritun sérstöku samninganna og að svæðisbundnu ferðamálastofurnar og ferðastaðarstjórnirnar hafi þegar gengið til samstarfssamninga og greiði árlegt samstarfsgjald sem hafi verið nýtt við uppsetningu á verkvanginum. ⁽⁸²⁾ Upphafskostnaðurinn var enn fremur ekki tekinn með þar eð hann var ekki eignfærður ⁽⁸³⁾ eins og heimilt er samkvæmt norskum reikningssskilastöðlum (NRS 19). ⁽⁸⁴⁾ NRS 19 gildir um viðeigandi beinan kostnað og eignfærslu kostnaðar. Samkvæmt þessum staðli þarf ekki að eignfæra ófnislegar eignir, þ.e. ópeningalegar eignir sem eru ekki efnislegar, sem félagið notar við framleiðslu eða sölu á vörum og þjónustu. Í samræmi við þessar reglur hefur því enginn hluti þróunarkostnaðar við *visitnorway.com* verið eignfærður.
- 115) Stjórnvöld í Noregi hafa auk þess gert grein fyrir því að nýr verkvangur fyrir stjórnkerfi ferðastaðar í tölvuskýi vegna *visitnorway.com* komist til framkvæmda á árinu 2015. Núverandi verkvangur ásamt öllu efni, stefnum, hugbúnaðarleyfum o.s.frv. verður til staðar til ársloka 2015 og svo lagður af. Einungis verður um að ræða yfirfærslu á texta og ljósmyndum og því verður ekkert verðmæti eftir hjá eldri tækniverkvanginum vegna tæknipróunar á markaðnum. Samkvæmt Innovasjon Norge standa því engin efnahagsleg rök til þess að eignfæra upplýsingatækniverkefni á borð við *visitnorway.com*.
- 116) Eftirlitsstofnun EFTA fellst á þessi rök þar eð norskir reikningssskilastaðlar heimila að kostnaður af þessu tagi sé ekki eignfærður. Þar eð öllum fyrirtækjum í Noregi er heimilt að eignfæra ekki kostnað af þessu tagi er Eftirlitsstofnun EFTA þeirrar skoðunar að jafnvel þótt telja megi að í þessu felist ávinningur sé sá ávinningur ekki sértækur. Ráðstöfunin (möguleikinn á að eignfæra ekki kostnað) stendur öllum atvinnugreinum, öllum tegundum fyrirtækja og hvers kyns framleiðslu til boða. Þar af leiðandi felist hvorki sértækur ávinningur né ríkisaðstoð í ráðstöfuninni þegar stofnað er til kostnaðar sem heyrir undir regluna í NRS 19. ⁽⁸⁵⁾
- 117) Hvað varðar **almennan rekstrarkostnað** á tímabilinu 2013–2018 beitir Innovasjon Norge aðferðafræði vegna heildarkostnaðar á klukkustund til að skipta hinum ýmsu kostnaðarliðum. ⁽⁸⁶⁾ Þessi aðferðafræði er byggð á leiðbeinandi reglunum sem um getur í málsgrein (73) hér að framan en þær voru innleiddar 2011 og hafa gilt síðan. Samkvæmt þessari aðferðafræði er verð fyrir þjónustu byggt á fjölda vinnustunda sem starfsmenn verja í að veita slíka þjónustu. ⁽⁸⁷⁾ Innifalinn í kostnaði Innovasjon Norge á klukkustund er beinn starfsmannakostnaður vegna þess starfsmanns sem sinnir verkinu og nauðsynlegur fastakostnaður til að tryggja að starfsmaðurinn geti sinnt vinnu sinni. ⁽⁸⁸⁾ Til fastakostnaðar telst leiga, skrifstofukostnaður, símaþjónusta, stjórnun og sameiginleg þjónusta eins og fjármál, upplýsingatækni, mannauðsstjórnun, o.s.frv. Innovasjon Norge hækkar kostnað á klukkustund um 3% á hverju ári frá og með 2014 til að tryggja að áfram sé staðið undir öllum kostnaðinum. ⁽⁸⁹⁾

⁽⁸²⁾ Í 3. viðauka við svar Innovasjon Norge við ákvörðuninni um að hefja rannsókn (skjal nr. 720778).

⁽⁸³⁾ Eignfærður kostnaður er færður sem hluti fastafjármuna í efnahagsreikningi félags en ekki gjaldfærður á tímabilinu þegar stofnað er til hans. Af þessum sökum sá kostnaður sem ekki er færður til eignar einungis kostnaðarliður á árinu þegar stofnað er til hans.

⁽⁸⁴⁾ Afrit af NRS 19 var sent Eftirlitsstofnun EFTA sem II. viðauki við bréf dagsett 24. nóvember 2014 (skjal nr. 730560).

⁽⁸⁵⁾ Í réttarframkvæmd telst ráðstöfun ekki sértæk ef öll fyrirtæki geta mögulega nýtt sér hana. Sjá meðal annars dóm í málinu *Þýskalend gegn framkvæmdastjórninni*, C-156/98, EU:C:2000:467, 22. mgr.

⁽⁸⁶⁾ Eftirlitsstofnun EFTA vekur athygli á því að þessari aðferðafræði hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir alla sérstöku samningana frá 2013, þ.m.t. vegna samninganna fyrir tvö fyrstu tilraunaverkefni, þ.e. VisitSørlandet og VisitTrondheim. Innovasjon Norge lét Eftirlitsstofnun EFTA í té afrit af öllum undirrituðu sérstöku samstarfssamningunum í 4. viðauka við svarið við ákvörðuninni um að hefja rannsókn (skjal nr. 720779).

⁽⁸⁷⁾ Munur er á kostnaðarverðslíkönunum fyrir *heildarkostnað* og *grunnkostnað* þar sem unnt er að draga suma sameiginlega kostnaðarliði frá heildarkostnaði. Innovasjon Norge hefur ekki beitt þessu líkani í tengslum við samstarfssamningana. Innovasjon Norge hefur greint frá því að með tilkomu leiðbeinandi reglna um notendagreiðslur frá 2011 hafi þetta líkan verið lagt til hliðar. Heildarkostnaðarverðslíkanið er notað fyrir alla þá þjónustu Innovasjon Norge sem einkaaðili getur einnig veitt (skjal nr. 720775, svar við ákvörðuninni um að hefja rannsókn).

⁽⁸⁸⁾ Hlutfall af vinnutíma starfsmanna, sem er notað í verkefnið, er einnig fyrirframákveðið (skjal nr. 720778, 3. viðauki við svar Innovasjon Norge við ákvörðuninni um að hefja rannsókn).

⁽⁸⁹⁾ Eftirlitsstofnun EFTA vekur athygli á því að tilraunaverkefni hafi ein verið undirrituð 2013.

- 118) Með því að beita þessari aðferðafræði tryggir Innovasjon Norge að mismunandi verkefni séu fjármögnuð með endurgjaldi einstakra viðskiptavina og að staðið sé undir kostnaðinum sem Innovasjon Norge stofnar til við að veita þeim þjónustuna.
- 119) Til samræmis við það telur Eftirlitsstofnun EFTA að þetta sé, a.m.k. í umræddu tilviki, fullnægjandi aðferðafræði við skiptingu sameiginlegs kostnaðar.
- 120) Eftirlitsstofnun EFTA vekur athygli á því að tímagjaldið sem var fært á reikninga tilraunakannananna tveggja meðan á þeim stóð (2012–2013) hafi verið lægra en staðlaði heildarkostnaðurinn á klukkustund sem Innovasjon Norge lagði til grundvallar.⁽⁹⁰⁾ Sá tími sem svæðisbundnu ferðamálastofnunar og ferðastaðarstjórnirnar vörðu í að leggja fram efni, athugasemdir og aðstoð við þróun á nýju uppbyggingunni kemur hins vegar til móts við þessa lækkingu kostnaðar á klukkustund.⁽⁹¹⁾
- 121) Hvað varðar úthlutun á **tæknikostnaði** notar Innovasjon Norge aðferðafræði sem er byggð á „*kostnaði á flettingu*“.⁽⁹²⁾ Innovasjon Norge reiknar kostnaðinn á flettingu á verkvanginum miðað við þessa aðferðafræði og reiknar síðan út þann hluta tæknikostnaðar sem svæðisbundnu ferðamálastofnunar og ferðastaðarstjórnirnar ættu að greiða miðað við raunverulega hlutdeild þeirra í flettingum. Eftirlitsstofnun EFTA telur að þessi aðferðafræði geri Innovasjon Norge kleift að úthluta kostnaði á tilhlýðilegan hátt milli almennrar markaðssetningar og viðskiptalegrar þjónustu. Samkvæmt viðskiptaáætlun Innovasjon Norge er ráðgert að taka gjald fyrir þá efnahagslegu þjónustu sem svæðisbundnu ferðamálastofnunum og ferðastaðarstjórnunum er veitt samkvæmt þessari aðferðafræði þar til 2018.
- 122) Eftirlitsstofnun EFTA telur því að hlutlægt og gagnsætt fyrirkomulag á skiptingu kostnaðar sé til staðar sem gerir Innovasjon Norge kleift að tryggja að tekjur af atvinnustarfsemi séu einar notaðar til að standa undir viðkomandi kostnaði (þ.m.t. viðbótarkostnaði og viðeigandi hluta af sameiginlegum kostnaði).

Aðskilið bókhald

- 123) Meðan á formlegu rannsókninni hefur staðið hafa stjórnvöld í Noregi látið Eftirlitsstofnun EFTA í té frekari upplýsingar um bókhaldskerfi Innovasjon Norge.
- 124) Með ársreikningum Innovasjon Norge fylgja samstæðureikningsskil fyrir félagið, þ.m.t. rekstrarreikningur, efnahagsreikningur og athugasemdir í samræmi við norsk lög um reikningsskil. Ytri endurskoðandi endurskoðar þessa ársreikninga, aðalfundur Innovasjon Norge samþykkir þá og þeir eru lagðir fram hjá fyrirtækjaskrá Noregs. Aðgreina má þessi samstæðureikningsskil í átta undirreikningsskil, ein fyrir sérhvern þátt/verkefni hjá Innovasjon Norge (lán, fjármuni, verkefni o.s.frv). Í þessum undirreikningsskilum er sérstakur rekstrarreikningur og efnahagsreikningur.
- 125) *Visitnorway.com* er talið með í reikningsskilum fyrir verkefnarekstur. Innovasjon Norge hefur enn fremur greint frá því að sérhvert stakt verkefni, eins og *Visitnorway.com*, sé með tiltekinn undirreikning. Verkefnin eru nánar tiltekið með aðskilið verkefnisnúmer fyrir atvinnustarfsemi fyrir þriðju aðila.⁽⁹³⁾ Þannig er tryggt að unnt sé að flokka og úthluta tekjum og kostnaði af allri starfsemi Innovasjon Norge með réttum hætti.

⁽⁹⁰⁾ Bréf frá Innovasjon Norge dagsett 24. nóvember 2014 (skjal nr. 730560).

⁽⁹¹⁾ Í svari við ákvörðuninni um að hefja rannsókn (skjal nr. 720775) gerir Innovasjon Norge nánari grein fyrir því að svæðisbundnu ferðamálastofnunar og ferðastaðarstjórnirnar hafi tekið þátt í nýju uppbyggingunni á verkefninu síðan 2013. Svæðisbundnu ferðamálastofnunar og ferðastaðarstjórnirnar hafa einnig lagt til tíma og tilföng. Bein þátttaka þeirra og hlutdeild í verkefninu réttlætir að tímagjaldið sé lægra en almenna tímagjaldið sem Innovasjon Norge reiknar með. Heildarskrá yfir viðbótarkostnaðinn við tilraunaverkefni var lögð fyrir Eftirlitsstofnun EFTA sem 6. viðauki við svar Innovasjon Norge við ákvörðuninni um að hefja rannsókn (skjal nr. 720781).

⁽⁹²⁾ Önnur einkafyrirtæki á markaðnum hafa notað þessa verðaðferð. Upplýsingar um þessa aðferð við kostnaðarráðstöfun er að finna á eftirfarandi slóð: https://www.adspeed.com/Knowledges/1104/ Blog/How_much_charge_advertising_website.html eða <http://www.quora.com/What-is-an-industry-accepted-cost-per-page-view-of-dynamic-content-not-cache-able>. Þetta er til dæmis aðferðafræðin sem Google notar fyrir suma þjónustuþætti sína (upplýsingar er að finna á eftirfarandi slóð <https://support.google.com/adwords/answer/2472735?hl=en>)

⁽⁹³⁾ Svar Innovasjon Norge við ákvörðuninni um að hefja rannsókn (skjal nr. 720775).

- 126) *Visitnorway.com* er með fjóra reikninga fyrir verkefnið sem Innovasjon Norge notar til að deila öllum kostnaði og tekjum sem tengjast rekstri verkvangsins. ⁽⁹⁴⁾ Undirreikningarnir fjórir fyrir verkefnið eru: i) rekstur aðkeyptrar ritstjórnarþjónustu ráðgjafa, ii) aðkeyptar uppfærslur og viðhaldsþjónusta ráðgjafa, iii) aðkeypt þjónusta vegna tæknilegs reksturs og iv) aðkeypt þjónusta vegna nýrrar uppbyggingar. ⁽⁹⁵⁾ Kostnaður og tekjur af sérstöku samningunum eru kerfisbundnar í reikningi verkefnisins fyrir aðkeypta þjónustu vegna nýrrar uppbyggingar. ⁽⁹⁶⁾
- 127) Allur kostnaður og allar tekjur af verkvangi *visitnorway.com* eru á þessum fjórum undirreikningum. Kostnaður og tekjur af efnahagslegri þjónustu og annarri þjónustu eru auðkenndar með skýrum hætti en færðar saman til bókar. Eftirlitsstofnun EFTA hefur ekki fundið nein merki þess að ekki hafi verið réttilega auðkennt hvort kostnaður og tekjur hafi tengst atvinnustarfsemi eða ekki. Því er unnt að komast að þeirri niðurstöðu að bókhald sé ekki aðskilið með *formlegum* hætti, en að eftir sem áður sé unnt að auðkenna kostnað og tekjur af mismunandi þjónustupáttum með skýrum hætti.
- 128) Meðan á formlegu rannsókninni ⁽⁹⁷⁾ hefur staðið hefur Innovasjon Norge einsett sér að auka gagnsæi bókhaldskerfis síns hvað varðar efnahagslega starfsemi sem tengist ferðaþjónustu og hefur skuldbundið sig til að færa ítarlega bókhald frá og með 1. janúar 2014.
- 129) Innovasjon Norge mun endurskoða reikningana fjóra, sem eru þegar til staðar undir reikningi fyrir verkefnið um *visitnorway.com*, til að tryggja aukið gagnsæi í núverandi bókhaldskerfi. Kostnaður og tekjur á hverjum þessara fjögurra reikninga verður aðskilinn frekar milli atvinnustarfsemi og annarrar starfsemi. Af þessum sökum mun formlegur aðskilnaður reikninga vera til staðar frá janúar 2014.
- 130) Eftirlitsstofnun EFTA er þeirrar skoðunar að nákvæmur og formlegur aðskilnaður reikninga frá og með 1. janúar 2014 sé fullnægjandi til að koma í veg fyrir víxlniðurgreiðslu efnahagslegrar þjónustu sem er veitt samkvæmt sérstöku samstarfssamningunum. Eftirlitsstofnun EFTA vekur athygli á því að fyrir 2014 veitti Innovasjon Norge einungis viðskiptavinum í tilraunaverkefninu efnahagslega þjónustu og að frá og með 1. janúar 2014 bauð Innovasjon Norge viðskiptavinum í tilraunaverkefninu sama verð og gildi um hina sérstöku samningana.
- 131) Eftirlitsstofnun EFTA leggur áherslu á að það að unnt sé að stofna átta reikninga sýni fram á að núverandi reikningsskil séu þegar nægilega gagnsæ. Eftirlitsstofnun EFTA telur því að bókhaldskerfið, sem Innovasjon Norge hefur notað fram að þessu, bjóði upp á nægjanlega nákvæmni við aðskilnað á kostnaði við efnahagslega þjónustu og aðra þjónustu jafnvel þótt í bókhaldinu sé ekki skilið *formlega* milli efnahagslegrar þjónustu og annarrar þjónustu.
- 132) Eftirlitsstofnun EFTA tekur loks mið af tillögu stjórnvalda í Noregi og kemst að þeirri niðurstöðu að núgildandi bókhaldskerfi geri þegar kleift að auðkenna mismunandi kostnaðar- og tekjuliði efnahagslegu þjónustunnar og annarrar þjónustu sem er veitt í gegnum *visitnorway.com* og að engin gögn sýni fram á víxlniðurgreiðslu milli efnahagslegu þjónustunnar og annarrar þjónustu.

1.2.2.2. Meintur afsalaður hagnaður

- 133) Opinber fyrirtæki þurfa að hegða sér eins og almennir rekstraraðilar á markaði. ⁽⁹⁸⁾ Í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins veitir ríkið engan ávinning ef gera má ráð fyrir því að einkafjárfestir hegði sér með sama hætti, þ.e. þegar opinbert fyrirtæki kemur fram í samræmi við markaðsfjárfestaregluna. ⁽⁹⁹⁾

⁽⁹⁴⁾ Tölvupóstur frá Innovasjon Norge til Eftirlitsstofnunar EFTA dagsettur 14. apríl 2015 (skjal nr. 753927).

⁽⁹⁵⁾ Tölvupóstur frá Innovasjon Norge til Eftirlitsstofnunar EFTA dagsettur 20. maí 2015 (skjal nr. 757843). Afrit af reikningnum var lagt fyrir Eftirlitsstofnun EFTA í viðhengi við bréf Innovasjon Norge dagsett 28.10.2013 (skjal nr. 688215) og við 3. viðauka við svar Innovasjon Norge við ákvörðunina um að hefja rannsókn (skjal nr. 720778).

⁽⁹⁶⁾ Tölvupóstur frá Innovasjon Norge til Eftirlitsstofnunar EFTA dagsettur 20. maí 2015 (skjal nr. 757843).

⁽⁹⁷⁾ Svar Innovasjon Norge við ákvörðuninni um að hefja rannsókn (skjal nr. 720775). Sjá einnig tölvupóst frá Innovasjon Norge dagsettan 14. apríl 2015 (skjal nr. 753927).

⁽⁹⁸⁾ Dómur í málinu *EPAC* gegn *frankvæmdastjórninni*, T-204/97 og T-270/97, EU:T:2000:148, 122. mgr.

⁽⁹⁹⁾ Dómur í málinu *Westdeutsche Landesbank Girozentrale og Land Nordrhein-Westfalen* gegn *frankvæmdastjórninni*, (*West-LB*) T-228/99 og T-233/99, EU:T:2006:405, 207. mgr.

- 134) Sérhver eigandi fyrirtækis eða fjárfestir gerir að jafnaði kröfu um arð af fjárfestingu sinni svo hann fjárfesti í viðskiptafyrirtæki. ⁽¹⁰⁰⁾ Slíkar væntingar um arðsemi teljast eðlilegur og áætlaður viðskiptakostnaður fyrir fyrirtækið. Af þessum sökum felst enginn ávinningur í fjármögnun af ríkisfjármunum þegar opinbert fyrirtæki stendur undir kostnaði (breytilegum og viðeigandi hluta af sameiginlegum kostnaði) að viðbættum viðunandi arði af fjárfestingunni. ⁽¹⁰¹⁾
- 135) Eftirlitsstofnun EFTA hefur þegar tekið fram í leiðbeinandi reglum sínum um framleiðslu að: „[e]f arðsemi opinbers fyrirtækis er óviðunandi gæti Eftirlitsstofnun EFTA litið svo á að í þessum aðstæðum felist aðstoðarþættir sem ætti að greina í ljósi 61. greinar. Við þessar aðstæður hlýtur opinbera fyrirtækið í raun fjármögnun með lægri kostnað en gildir á markaði, þ.e. ígildi niðurgreiðslu“. ⁽¹⁰²⁾
- 136) Eftirlitsstofnun EFTA minnr hins vegar einnig á að samkvæmt sömu leiðbeinandi reglum hefur fjárfestir umtalsvert svigrúm og „innan þess umtalsverða svigrúms er ekki unnt að líta svo á að það feli í sér ríkisaðstoð að fjárfestir beiti eigin mati“. Af þessu leiðir að „[a]ðeins er um ríkisaðstoð að ræða þegar engar hlutlægar ástæður eru til þess að ætla að fjárfesting skili fullnægjandi arðsemi sem væri viðunandi fyrir einkafjárfesti í sambærilegu einkafyrirtæki sem starfar við eðlilegar markaðsaðstæður jafnvel þótt þetta sé alfarið eða að hluta til fjármagnað með almannafé“. ⁽¹⁰³⁾
- 137) Til samræmis við það hefur Eftirlitsstofnun EFTA metið verðlagningarstefnu Innovasjon Norge varðandi efnahagslegu þjónustuna sem var veitt í tilraunaverkefnum og samkvæmt sérstöku samstarfssamningunum í gegnum verkvang *visitnorway.com*. Markmiðið er að meta hvort viðskiptalíkan Innovasjon Norge fyrir þá upplýsingatækniþjónustu sem er veitt innan ramma nýju uppbyggingar *visitnorway.com* (þ.e. sérstöku samstarfssamninganna) feli í sér væntingar um eðlilegan hagnað.
- 138) Stjórnvöld í Noregi hafa gert grein fyrir því ⁽¹⁰⁴⁾ að verðlagningarstefna Innovasjon Norge tryggir að staðið sé undir öllum viðeigandi kostnaði og að eðlilegur hagnaður fái af tekjum af atvinnustarfsemi. ⁽¹⁰⁵⁾ Viðskiptasamningunum er ætlað að standa undir öllum kostnaði auk þess að skila Innovasjon Norge hagnaði þrátt fyrir að þeir taki tillit til þess að starfsemi Innovasjon Norge innan sviðsins sé ekki atvinnustarfsemi í eðli sínu.
- 139) Miðað við þá aðferðafræði við skiptingu kostnaðar sem lýst er hér að framan, sjá málsgreinar (108) til (122) hér að framan, hafa stjórnvöld í Noregi greint frá því hvernig verðlíkanið var notað fyrir tilraunaverkefni og sérstöku samstarfssamningana til þess að sýna fram á að verð fyrir að leggja svæðisbundnu ferðamálastofunum og ferðastaðarstjórnunum til vefgrunnvirkri og veita þeim tengda þjónustu nægi til að skila eðlilegri arðsemi.
- 140) Þessi arðsemi er ekki mæld fyrir verkvang *visitnorway.com* í heild sinni ⁽¹⁰⁶⁾ heldur fyrir arðsemi af atvinnustarfsemi (efnahagslegri þjónustu sem svæðisbundnu ferðamálastofunum og

⁽¹⁰⁰⁾ Dómur í málinu *West-LB, sjá að framan*, 314. mgr. og í málinu *Ítalía gegn framkvæmdastjórninni (Eni-Lanerossi)*, C-303/88, EU:C:1991:136, 22. mgr.

⁽¹⁰¹⁾ Dómur í málinu *Chronopost SA gegn framkvæmdastjórninni*, C-83/01 P og C-94/01 P, EU:C:2003:388, 40. mgr.

⁽¹⁰²⁾ Í 2. grein 1. þáttar leiðbeinandi reglna um framleiðslu þar sem fram kemur að „í þessum kafla er í fyrsta lagi annars vegar lögð áhersla á gerðina sem um getur í 1. lið XV. viðauka EES-samningsins, hér á eftir nefnd gagnsæistilskipunin, og hins vegar er mótuð sú meginregla að þegar ríkið fjármagnar félag við aðstæður sem ættu ekki við um fjárfesti sem vinnur við eðlilegar markaðsaðstæður er það gert í andstöðu við markaðsfjárfestaregluna og felur í sér ríkisaðstoð“. Leiðbeinandi reglur um framleiðslu er að finna á eftirfarandi slóð: <http://www.eftasurv.int/?1=1&showLinkID=16995&1=1> (Stjórið. ESB L 274, 26.10.2000. EES-viðbætur nr. 48 sama dag).

⁽¹⁰³⁾ Sama heimild, 1. liður með fyrirsögnina „hagkvæmni markaðsfjárfestareglunnar“.

⁽¹⁰⁴⁾ Svar Innovasjon Norge við ákvörðuninni um að hefja rannsókn (skjal nr. 720775).

⁽¹⁰⁵⁾ Þetta er í samræmi við umboðin sem voru veitt um opinbera þjónustu. Eftirlitsstofnun EFTA er til dæmis þeirrar skoðunar í leiðbeinandi reglum um dreifingu útvarps- og sjónvarpsefnis að það sé ekki eðlilegt að fara fram á hagnað af veittri opinberri þjónustu. Í atvinnustarfsemi er hins vegar hagnaðarþáttur eðlilegur en hann svarar til sanngjarns endurgjalds fyrir fjármagn að teknu tilliti til áhættu. Sjá 72. mgr. leiðbeinandi reglnanna.

⁽¹⁰⁶⁾ Innovasjon Norge veitir efnahagslega þjónustu og aðra þjónustu í gegnum verkvang *visitnorway.com*. Heildarreitur verkvangsins skilar ekki endilega hagnaði. Gildissvið þessarar ákvörðunar takmarkast hins vegar við að meta hvort Innovasjon Norge fái eðlilegan hagnað af efnahagslegu þjónustunni. Tölur um veitingu þjónustu sem er ekki efnahagsleg falla utan gildissviðs reglna um ríkisaðstoð.

ferðastaðarstjórnunum var veitt með sérstöku samningunum og stöðluðum samningum). Upphafleg viðskiptaáætlun Innovasjon Norge fyrir nýju uppbygginguna fól í sér tekjur af þjónustu veittri svæðisbundnum ferðamálastofum og ferðastaðarstjórnunum samkvæmt þessum tveimur samningsformum: i) sérstökum samningum og ii) stöðluðum samningum.

- 141) Á grundvelli ítarlegs mats á framlögðum upplýsingum er ekkert sem bendir til þess að Innovasjon Norge reyni ekki að hafa eðlilegan hagnað af viðskiptasamningunum, þ.m.t. sérstöku samningunum. Þvert á móti eru vísendingar um að Innovasjon Norge hafi í raun gert ráð fyrir því að hagnast af þessari atvinnustarfsemi á tímabilinu 2013 til 2018. Innovasjon Norge hefur lagt viðskiptaforsendur fyrir Eftirlitsstofnun EFTA, sem eru byggðar á væntum kostnaði og tekjum af viðskiptasamningunum, sem sýna jákvætt hreint núvirði ⁽¹⁰⁷⁾ með 7% afvöxtunarstuðli. Væntur hreinn hagnaður samkvæmt viðskiptalíkani Innovasjon Norge var nánar tiltekið milli [...% og ...%]. ⁽¹⁰⁸⁾
- 142) Innovasjon Norge hefur einnig gert grein fyrir því ⁽¹⁰⁹⁾ meðan á formlega ferlinu hefur staðið að það sé að breyta yfir í nýtt stefnumarkandi stjórnunarkerfi áfangastaðar í tölvuskýi þar sem það hefur [...].
- 143) Eftirlitsstofnun EFTA vekur athygli á því að gera verður samanburð á hegðun opinbers aðila og einkaaðila með vísan til viðhorfs einkaaðilans þegar fjárfestingin eða viðskiptaáætlunin er gerð „með hliðsjón af tiltækum upplýsingum og fyrirsjáanlegri þróun á þeim tíma“. ⁽¹¹⁰⁾ Breytingarnar sem urðu á *visitnorway.com* eftir að drög voru gerð að viðskiptalíkani nýju uppbyggingarinnar skipta því ekki máli við mat á ríkisaðstoð. Atriðið sem skiptir máli er hvort markmið með upphaflega viðskiptalíkaninu hafi verið að hagnast af því að veita svæðisbundnum ferðamálastofum og ferðastaðarstjórnunum þjónustu.
- 144) Við mat á tilraunaverkefnunum tveimur, meðan alfatilraunin stóð yfir, leggja stjórnvöld í Noregi áherslu á það að VisitSørlandet og VisitTrondheim lögðu mjög mikið til við þróun líkansins og vörðu verulegum tíma í verkefni. Í 6. viðauka við svar Innovasjon Norge við ákvörðunina um að hefja rannsókn ⁽¹¹¹⁾ er lögð fram nákvæm skrá um þau viðbótarverkefni sem var sinnt í tilraunaverkefnunum á árinu 2013 þegar ný uppbygging á *visitnorway.com* var skipulögð. Á meðal þessara viðbótarverkefna sem viðskiptavinirnir í tilraunaverkefnunum sinntu vísar Innovasjon Norge til: i) mats á því hvaða efni ætti að halda á verkvanginum, ii) undirbúnings á yfirfærslu hlekkja úr þáverandi lausnum til að viðhalda leitarvélstöðu fyrirbyggjandi efnis, iii) uppsetningar/mats á grunnskipulagi, forsiðu, undirsíðum og skipulagi á möppum sem innihalda efni af síðum annarra, o.s.frv.
- 145) Af því leiðir að ekki er unnt að meta arðsemi tilraunaverkefnanna einna og sér heldur einungis sem hluta af langtímaverkefni. Það skiptir ekki máli hvort Innovasjon Norge hefði skammtímahagnað af tilraunaverkefnunum heldur hvort nýja uppbyggingin og sérstöku samstarfssamningarnir tryggðu arðsemi til langs tíma lítið. ⁽¹¹²⁾ Opinber fyrirtæki og einkafyrirtæki efna raunar ekki til tilraunaverkefna, eðli þeirra samkvæmt, með væntingar um tafarlausan hagnað heldur til að meta efnahagslegar og viðskiptalegar forsendur þeirra. ⁽¹¹³⁾ Samkvæmt dómaframkvæmd er viðurkennt að ekki sé sjálfkrafa um ríkisaðstoð að ræða í hvert skipti sem ríkið afsalar sér tekjum. Samkvæmt dómaframkvæmd Dómstóls

⁽¹⁰⁷⁾ Í 3. viðauka við svar Innovasjon Norge við ákvörðuninni um að hefja rannsókn (skjal nr. 720778). Eftirlitsstofnun EFTA bærust ítarleg reikniskjöl úr Excel varðandi kostnað af sérstöku samstarfssamningunum og efnahagslíkan fyrir kostnaðarskiptingu (skjal nr. 727330).

⁽¹⁰⁸⁾ Svar Innovasjon Norge við ákvörðuninni um að hefja rannsókn (skjal nr. 720775).

⁽¹⁰⁹⁾ Bréf frá Innovasjon Norge dagsett 24. nóvember 2014 (skjal nr. 730560).

⁽¹¹⁰⁾ Dómur í málinu *Lýðveldið Frakkland gegn framkvæmdastjórninni (Stardust Marine)*, C-482/99, EU:C:2002:294, 70. mgr. Í dómi dómstólsins kemur fram að „[þ]að er nauðsynlegt að setja sig inn í þær aðstæður sem ríktu þegar gripið var til fjárhagslegra aðstoðarráðstafana til að meta efnahagsleg rök að baki hegðunar ríkisins og forðast þannig að byggja mat á seinni tíma aðstæðum“ (71. mgr.).

⁽¹¹¹⁾ Skjal nr. 720781.

⁽¹¹²⁾ Í réttarframkvæmd er viðurkennt að opinber fyrirtæki kunni að líta til þess til lengri tíma að leita hámarkshagnaðar. Sjá dóma í málnum *Ítalía gegn framkvæmdastjórninni (Lanerossi)*, C-303/88, EU:C:1991:136, 22. mgr., *Ítalía gegn framkvæmdastjórninni (Alfa-FIAT)*, C-305/89, EU:C:1991:142, 20. mgr. og *Ciudad de la Luz gegn framkvæmdastjórninni*, T-319/12 og T-321/12, EU:T:2014:604, 41. mgr.

⁽¹¹³⁾ Almenni dómstóllinn hefur lagt áherslu á það að opinber fyrirtæki þurfi að sýna fram á efnahagsleg rök fyrir verkefnum sínum. Sjá dóm í málinu *Corsica Ferries*, T-565/08, EU:T:2012:415, 84. mgr.

Evrópusambandsins⁽¹¹⁴⁾ og stjórnsýslufrákvæmd framkvæmdastjórnarinnar⁽¹¹⁵⁾ telur Eftirlitsstofnun EFTA að lækkað verð feli ekki í sér ríkisaðstoð ef það er rökstutt á hlutlægum hátt á efnahagslegum grunni.

- 146) Eftirlitsstofnun EFTA vekur enn fremur athygli á því að frá 2014 hefur viðskiptavinum tilraunaverkefnanna tveggja verið boðin sama kostnaðaruppbygging samkvæmt sérstöku samstarfssamningunum og svæðisbundnu ferðamálastofunum og ferðastaðarstjórnunum hefur verið boðin.⁽¹¹⁶⁾ Þetta útskýrir raunar hvers vegna kvartandi vísar til „verðhækkunar“ milli gamalla samninga um gjald og nýrra samninga um gjald. Í raun kváðu sérstöku samstarfssamningarnir, sem voru undirritaðir frá 2014, á um hærri gjöld en þau sem krafist var meðan á tilraunastiginu stóð (sjá málsgrein (44) hér að framan).⁽¹¹⁷⁾
- 147) Þau gögn sem voru send til Eftirlitsstofnunar EFTA⁽¹¹⁸⁾ sýna að sá meðalhagnaður sem upphaflega var gert ráð fyrir af sérstöku samstarfssamningunum á tímabilinu 2013 til 2018 (milli [...% og ...%]) er í samræmi við það hlutfall sem einkaaðilar ná sem veita svæðisbundnu ferðamálastofunum og ferðastaðarstjórnunum vefþjónustu.⁽¹¹⁹⁾
- 148) Innovasjon Norge hefur útskýrt í svari sínu við ákvörðunina um að hefja rannsókn⁽¹²⁰⁾ að jafnvel þótt það þekki ekki verðlíkan samkeppnisaðila sinna hafi það þrátt fyrir það tekið saman ársreikninga helstu vefhönnunarfyrirtækja, sem eru öllum aðgengilegir, sem veita svæðisbundnu ferðamálastofunum og ferðastaðarstjórnunum þjónustu. Samkvæmt Innovasjon Norge hafa einkaaðilar, sem veita svæðisbundnu ferðamálastofunum og ferðastaðarstjórnunum vefþjónustu, að meðaltali hagnaðarhlutfall sem nemur [...].⁽¹²¹⁾ Því heldur Innovasjon Norge því fram að áætlað hagnaðarhlutfall þess, milli [...% og ...%], sé í samræmi við það hlutfall sem næst á markaði.⁽¹²²⁾
- 149) Eftirlitsstofnun EFTA minnir á að samkvæmt dómaframkvæmd má nota meðalarðsemi innan geirans sem vísbendingu um að aðstoð sé ekki til staðar.⁽¹²³⁾ Þar eð hagnaður upp á [...] af því að leggja til vefgrunnvirki og veita tengda þjónustu væri ásættanlegur fyrir markaðsfjárfesti er Eftirlitsstofnun EFTA þeirrar skoðunar að viðskiptalíkan Innovasjon Norge hafi verið í samræmi við markaðsfjárfestaregluna.
- 150) Loks lagði Innovasjon Norge fram nokkrar upplýsingar⁽¹²⁴⁾ um þá röksemd kvartanda að verðmæti lægju í sjálfru *visitnorway.com*, vegna vöruheitisins og lénsins (sem eins mest heimsóttá verkvangs ferðþjónustu í Noregi) og ekki hefði verið tekið tillit til þessa. Eftirlitsstofnun EFTA skilur röksemd kvartanda sem svo að þar sem vöruheitið *visitnorway.com* hafi efnahagslegt virði ættu svæðisbundnu ferðamálastofurnar og ferðastaðarstjórnirnar einnig að greiða fyrir óbeina hagnaðinn sem verður af því að nota vöruheitið.
- 151) Innovasjon Norge telur að þetta virði sé óverulegt. Niðurstöðu sinni til stuðnings réð Innovasjon Norge utanaðkomandi ráðgjafa, NetNames, sem mat virði lénsins á USD 20.000.⁽¹²⁵⁾ Virði lénsins var byggt á samanburði við mismunandi, en sambærileg, lén. Með tilliti til kostnaðar *visitnorway.com* staðfesti aðkeypti ráðgjafinn niðurstöðu Innovasjon Norge um að virði lénsins væri óverulegt. Eftirlitsstofnun EFTA sér ekki ástæðu til að efast um þessa niðurstöðu.

⁽¹¹⁴⁾ Dómur í málunum *van der Kooy BV*, 67/85, 68/85 og 70/85, EU:C:1988:38, 29. og 30. mgr. og í *Belgía* gegn *framkvæmdastjórninni*, C-56/93, EU:C:1996:64, 10. mgr.

⁽¹¹⁵⁾ Í ákvörðuninni um SMFI-Chronopost komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að ekki væri óeðlilegt að greiðslur nýrra fyrirtækja fyrir skipulagsaðstoð og viðskiptalega aðstoð sem móðurfélagið veitti tækju einungis til breytilegs kostnaðar á upphafsstigi. (Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/365/EB frá 1.10.1997 sem varðar meinta ríkisaðstoð frá Frakklandi til SFMI-Chronopost, Stjúið. EB L 164, 9.6.1998, bls. 37).

⁽¹¹⁶⁾ Bréf frá Innovasjon Norge dagsett 24. nóvember 2014 (skjal nr. 730560).

⁽¹¹⁷⁾ Sjá svar Innovasjon Norge við ákvörðunina um að hefja rannsókn (skjal nr. 720775).

⁽¹¹⁸⁾ Bréf frá Innovasjon Norge dagsett 28. október 2013 (skjal nr. 688213) og svar Innovasjon Norge við ákvörðuninni um að hefja rannsókn (skjal nr. 720775).

⁽¹¹⁹⁾ Í 7. viðauka við svar Innovasjon Norge við ákvörðuninni um að hefja rannsókn (skjal nr. 720782).

⁽¹²⁰⁾ Svar Innovasjon Norge við ákvörðuninni um að hefja rannsókn (skjal nr. 720775).

⁽¹²¹⁾ Í 7. viðauka við svar Innovasjon Norge við ákvörðuninni um að hefja rannsókn (skjal nr. 720782).

⁽¹²²⁾ Bréf frá Innovasjon Norge dagsett 28. október 2013 (skjal nr. 688215).

⁽¹²³⁾ Dómur í málunum *WestLB* gegn *framkvæmdastjórninni*, 254. mgr. og í *Ciudad de la Luz* gegn *framkvæmdastjórninni*, 44. mgr.

⁽¹²⁴⁾ Bréf frá Innovasjon Norge dagsett 24. nóvember 2014 (skjal nr. 730559).

⁽¹²⁵⁾ Eftirlitsstofnun EFTA var sent afrit af svari NetNames í (3. viðauka í) bréfi Innovasjon Norge frá 24. nóvember 2014 (skjal nr. 730560).

152) Af þessum sökum telur Eftirlitsstofnun EFTA að Innovasjon Norge hafi farið rétt að þegar það tekur ekki notkun á vörueitinu *visitnorway.com* með sem viðbótarkostnað fyrir svæðisbundnu ferðamálastofurnar og ferðastaðarstjórnirnar.

153) Eftirlitsstofnun EFTA kemst því að þeirri niðurstöðu að viðskiptasamningar Innovasjon Norge, þar með taldir sérstöku samningarnir, hafi verið gerðir með væntingar um langtímahagnað í huga og séu í samræmi við markaðsfjárfestaregluna.

1.2.3. Niðurstaða

154) Eftirlitsstofnun EFTA kemst að þeirri niðurstöðu að Innovasjon Norge hafi tilhlýðilegt fyrirkomulag á skiptingu kostnaðar og bókhaldskerfi, þegar það leggur svæðisbundnu ferðamálastofunum og ferðastaðarstjórnunum til vefgrunnvirki og veitir þeim tengda þjónustu, til þess að auðkenna kostnað og tekjur af þessari þjónustu með réttum hætti.

155) Einnig hefur verið sýnt fram á að Innovasjon Norge hafi ekki afsalað sér hagnaði af því að veita þessa þjónustu. Aðgerðir Innovasjon Norge hafi verið í samræmi við markaðsfjárfestaregluna.

156) Eftirlitsstofnun EFTA kemst þar af leiðandi að þeirri niðurstöðu að Innovasjon Norge hafi ekki fengið ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins þegar það leggur svæðisbundnu ferðamálastofunum og ferðastaðarstjórnunum til vefgrunnvirki og veitir þeim tengda þjónustu samkvæmt sérstöku samstarfssamningunum.

1.2.4. Meint ríkisaðstoð við svæðisbundnar ferðamálastofur og ferðastaðarstjórnir

1.2.5. Hvort telja eigi svæðisbundnar ferðamálastofur og ferðastaðarstjórnir „fyrirtæki“

157) Eins og þegar hefur verið útskýrt hér að ofan, sjá málsgrein (87), gildir 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins einungis þegar ríkisaðstoðarþegar eru fyrirtæki.

158) Eins og áður hefur verið tekið fram í málsgrein (18) hér að ofan vekur Eftirlitsstofnun EFTA athygli á því að svæðisbundnu ferðamálastofurnar og ferðastaðarstjórnirnar hafa ekki verið stofnuð til að hámarka hagnað fyrir þau sjálf eða hluthafa þeirra heldur til að auka og efla starfsemi hluthafa þeirra og viðskiptavina.

159) Eftirlitsstofnun EFTA minnir engu að síður á að framkvæmd reglna um ríkisaðstoð er ekki háð því hvort aðilinn sé stofnaður til að skila hagnaði. Samkvæmt dómaframkvæmd er aðilum sem ekki eru reknir í hagnaðarskyni heimilt að bjóða einnig vörur og þjónustu á markaði. ⁽¹²⁶⁾ Þegar svo er falla þjónustuveitendur sem ekki eru reknir í hagnaðarskyni undir reglur um ríkisaðstoð.

160) Eftirlitsstofnun EFTA telur að líkt og Innovasjon Norge veiti svæðisbundnu ferðamálastofurnar og ferðastaðarstjórnirnar bæði efnahagslega þjónustu og aðra þjónustu. Kynning á tiltekinni ferðaþjónustu telst vera atvinnustarfsemi, sjá málsgrein (28) hér að framan. Því teljast þeir aðilar fyrirtæki hvað varðar þá þjónustu.

1.2.6. Er til staðar ávinningur fyrir svæðisbundnu ferðamálastofurnar og ferðastaðarstjórnirnar?

161) Innovasjon Norge hefur sýnt fram á að jafnvel þótt það sé fyrirtæki sem er ekki rekið í hagnaðarskyni hafi sérstöku samstarfssamningarnir verið undirritaðir með væntingar um sanngjarnan langtímahagnað til langs tíma í huga. Í viðskiptalíkani Innovasjon Norge er gert ráð fyrir hagnaði sem nemur [...% til ...%] (sjá lið 1.2.2.2 hér að ofan). Þau gögn sem Innovasjon Norge hefur lagt fram sýna að í raun hafi þessum vænta hagnaði verið náð. Gögnin gefa til kynna að fjárfesting Innovasjon Norge í nýju uppbyggingunni á *visitnorway.com* hafi skilað hagnaði 2013. Búist er við neikvæðum hagnaði 2014 og 2015 en gert er ráð fyrir jöfnum og sanngjörnum hagnaði á tímabilinu 2016-2018. Meðalhagnaðurinn er í samræmi við hagnað þeirra einkaaðila sem veita svæðisbundnu ferðamálastofunum og ferðastaðarstjórnunum vefþjónustu. ⁽¹²⁷⁾

⁽¹²⁶⁾ Dómar í málunum *Van Landewyck*, 209/78 til 215/78 og 218/78, EU:C:1980:248, 88. mgr., í *FFSA og aðrir*, C-244/94, EU:C:1995:392, 21. mgr. og í *MOTOE*, C-49/07, EU:C:2008:376, 27. og 28. mgr.

⁽¹²⁷⁾ Vísað er til tölvupósts sem Innovasjon Norge sendi dags. 17. apríl 2015 (skjal nr. 754218) og svars Innovasjon Norge við ákvörðuninni um að hefja rannsókn (skjal nr. 720775), kafla 4.3.3.2.

- 162) Af þessum sökum kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að ekki sé ávinningur fyrir svæðisbundnu ferðamálastofunarfarnar og/eða ferðaumsýslufélögin af því að þeim sé lagt til vefgrunnvirki og veitt tengd þjónusta undir markaðsverði.
- 163) Þvert á staðhæfingar kvartanda, sjá málsgrein (54) og málsgrein (65) hér að ofan, hefur Eftirlitsstofnun EFTA enn fremur fengið fullvissu um að þeim svæðisbundnu ferðamálastofum og ferðastaðarstjórnunum sem færa sig yfir til Innovasjon Norge sé ekki veitt nokkur endurgjaldslaus þýðingapjónusta.
- 164) Stjórnvöld í Noregi hafa útskýrt að sérstöku samstarfsaðilarnir fái ekki endurgjaldsloausa þýðingapjónustu heldur sé stuðningur þeirra við þýðingar þvert á móti minni en sá sem almennum samstarfsaðilum er boðinn, þ.e. þær svæðisbundnu ferðamálastofur og ferðastaðarstjórnir sem færa sig ekki yfir til *visitmorway.com*, sjá málsgrein (77) hér að ofan.
- 165) Á grundvelli framangreinds kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að ekki sé um það að ræða að það teljist tengt skilyrði að gangast verði undir sérstöku samningana.

1.2.7. Niðurstaða

- 166) Samkvæmt þessum forsendum kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að svæðisbundnu ferðamálastofunarfarnar og ferðastaðarstjórnirnar hafi ekki fengið ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins þegar Innovasjon Norge hafi lagt þeim til vefgrunnvirki og veitt tengda þjónustu.

2 Niðurstaða

- 167) Þar eð Eftirlitsstofnun EFTA hefur nú komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé ávinningur fyrir Innovasjon Norge, eða svæðisbundnu ferðamálastofunarfarnar og ferðastaðarstjórnirnar, sé ekki nauðsynlegt að meta hvort þeim skilyrðum 1. mgr. 61. EES-samningsins sem eftir standa sé fullnægt.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

- Innovasjon Norge hefur ekki fengið ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins með því að víxlniðurgreiða vefgrunnvirki sitt og tengda þjónustu á sviði ferðapjónustu með almannafé sem var veitt til að sinna annarri þjónustu en atvinnustarfsemi, þ.e. almennri kynningu á Noregi sem áfangastað fyrir ferðamenn. Innovasjon Norge hefur verið með fyrirkomulag á skiptingu kostnaðar og bókhaldsaðferð sem gerir því kleift að auðkenna á viðunandi hátt kostnað og tekjur sem tengjast vefgrunnvirki þess og tengdri þjónustu.
- Innovasjon Norge hefur ekki fengið ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins með því að afsala sér hagnaði þegar það leggur svæðisbundnu ferðamálastofunum og ferðastaðarstjórnunum til vefgrunnvirki og veitir tengda þjónustu.

2. gr.

Svæðisbundnu ferðamálastofunarfarnar og ferðastaðarstjórnirnar hafa ekki notið ríkisaðstoðar í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins við það að fá vefgrunnvirki og tengda þjónustu á verði sem er lægra en verð á samkeppnismarkaði.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Konungsríkisins Noregs.

4. gr.

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Gjört í Brussel 4. nóvember 2015.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Sven Erik Svedman

Forseti

Helga Jónsdóttir

Stjórnarmaður

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8309 – Volvo Car Corporation/First Rent A Car)

2017/EES/39/02

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. júní 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ þar sem Volvo Car Corporation („Volvo“, Svíþjóð), sem endanlega lýtur yfirráðum Zhejiang Geely Holding Group Co., Ltd. („Geely Group“, Kína), öðlast með hlutabréfakaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í First Rent A Car AB („FRAC“, Svíþjóð).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Volvo: hönnun, þróun, framleiðsla, markaðssetning, heildsala og smásala á fólksbifreiðum og hlutum í þær, í gegnum Volvofinans, sem lýtur sameiginlegum yfirráðum, sem og fjármálaþjónusta fyrir bílasölur, þjónusta í tengslum við bílaflota, greiðslukortþjónusta og fjármögnun bílaumboða.
 - FRAC: skammtíma leigustarfsemi á bílum (m.a. samnýting ökutækja) í Svíþjóð, Noregi og Danmörku, þjónusta í tengslum við bílaflota í Svíþjóð og smásöludreifing á fólksbílum í Svíþjóð.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 206, 30.6.2017). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu, eða í pósti með tilvísuninni M.8309 – Volvo Car Corporation/First Rent A Car, og eftirfarandi póstáritun:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8456 – INEOS/Forties Pipeline System)

2017/EES/39/03

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. júní 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ þar sem INEOS FPS Limited (í eigu INEOS Limited („INEOS“), eyjuni Mön) öðlast með kaupum á eignum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í Forties Pipeline System („FPS“, Bretlandi) og hagsmunum í norður- og suðurhluta Graben Area Export Line.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - INEOS: framleiðsla á efnunum úr jarðolíu, sérnotaíðefnum og olíuafurðum á heimsvísu. INEOS er með takmarkaða starfsemi í flutningum eftir leiðslukerfi í olíu- og gasgeiranum
 - FPS: samþætt flutnings- og vinnslukerfi fyrir olíu- og jarðgas staðsett í norðurhluta Norðursjávar sem tilheyrir Bretlandi.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjútíð. ESB (C 205, 29.6.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu, eða í pósti með tilvísuninni M.8456 – INEOS/Forties Pipeline System), og eftirfarandi póstarsítu:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjútíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8491 – PGA Group/Groupe Bernard/CDPR)**

2017/EES/39/04

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 12. júní 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem PGA Group SAS („PGA Group“, Frakklandi) og Bernard Participations („Groupe Bernard“, Frakklandi) öðlast í sameiningu með hlutabréfakaupum yfirráð, í skilningi, b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í CDPR, sem áður laut einvörðungu yfirráðum Groupe Bernard.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - PGA Group: virkt í smásölu á bílum og varahlutum og fer starfsemin aðallega fram í Frakklandi og enn fremur í Póllandi, Hollandi, Belgíu, Spáni og Ítalíu.
 - Groupe Bernard: eignarhald á ýmsum bílasölum í Frakklandi.
 - CDPR: sameiginlegt fyrirtæki sem mun annast dreifingu á varahlutum í ökutæki að því marki að Groupe Bernard mun yfirfæra til CDPR núverandi starfsemi eins dótturfyrirtækja þess (SICMA), sem þegar er með starfsemi á sviði þessa rekstrarþáttar.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 205, 29.6.2017). Þær má senda með símbreffi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu, eða í pósti með tilvísuninni M.8491 – PGA Group/Groupe Bernard/DPR, og eftirfarandi póstaritun:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2017/EES/39/05****(mál M.8500 – Central/SIGNA Prime/JVCo)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. júní 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem Harg Central Department Store Ltd. („Central“, Thaílandi) og Berlin, Tauentzienstraße 21-24 Beteiligung A S.à.r.l., dótturfélag SIGNA Prime Selection AG („SIGNA“, Austurríki), öðlast með hlutabréfakaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í Berlin, Passauer Straße 1-3 Immobilien GmbH & Co. KG („JVCo“, Þýskalandi).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Central: eignarhaldsfélag í eigu fjölskyldu sem fæst í gegnum dótturfélög félagsins við starfsemi á borð við varningssölu, smásölu, gestamóttöku og veitingastaði, einkum í Suðaustur-Asíu, m.a. Thaílandi, Indónesíu og Víetnam.
 - SIGNA: fasteignatengd starfsemi, t.d. kaup, leiga, kaupleiga og umsýsla með landi og byggingum, auk uppbyggingar verkefna. Hópur fyrirtækja sem lýtur yfirráðum SIGNA Retail GmbH er með starfsemi í smásöluverslun, einkum Karstadt, sem er keðja deildarskiptra verslana.
 - JVCo: eignarhald á lóð undir fasteignir í Berlín, sem er sem stendur nýtt undir bílastæði á mörgum hæðum.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjóð. ESB (C 205, 29.6.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu, eða í pósti með tilvísuninni M.8500 – Central/SIGNA Prime/JVCo, og eftirfarandi póstáritun:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjóð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8517 – Megatrends/Intu/Xanadú Retail And Leisure)

2017/EES/39/06

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. júní 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem Megatrends European Holdings S.à.r.l. („Megatrends“, Lúxemborg) og Intu Properties Plc („Intu“, Bretlandi) öðlast með hlutabréfakaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í Xanadú Retail and Leisure, S.L.U. (andlag viðskiptanna, Spáni).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Megatrends: dótturfélag alfarið í eigu European Cities Fund („ECF“), fjárfestingafélags sem stofnað var af TH Real Estate („THRE“), sem annast stýringu fasteigna og fjárfestingarstarfsemi. ECF er hluti af Teachers Insurance and Annuity Association of America („TIAA“).
 - Intu: sjóður sem annast þróun fasteigna og leggur aðallega áherslu á eignarhald verslunarmiðstöðva, sem og stýringu og þróun í Bretlandi, og að takmörkuðu leyti á Spáni.
 - Andlag viðskiptanna: eigandi verslunarmiðstöðvarinnar Xanadú í grennd við svæðið í kringum Madrid (Spáni).
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjóð. ESB (C 201, 24.6.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu, eða í pósti með tilvísuninni M.8517 – Megatrends/Intu/Xanadú Retail And Leisure, og eftirfarandi póstarsítu:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjóð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2017/EES/39/07****(mál M.8538 – IFM/OHL/OHL Mexico)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. júní 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem IFM Investors Pty Ltd („IFM“, Ástralíu) og Obrascon Huarte Lain, S.A. („OHL“, Spáni) öðlast með hlutabréfakaupum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í sameiningu yfirráð í OHL México S.A.B. de C.V. („OHL Mexico“, Mexíkó).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - IFM: stýring fjárfestinga um heim allan í eignum í grunnvirkjum, skráðum hlutabréfum, óskráðum eignum og skuldum.
 - OHL: fæst við mannvirki og iðnaðarbyggingarverkefni og sérleyfisverkefni (þróun og rekstur tollvega, hafna, járnbrauta og flugvalla). OHL er hluti af samstæðunni Villar Mir.
 - OHL Mexico: starfar við byggingu, stjórnun og rekstur sjö tollvega og eins flugvallar, allt staðsett í Mexíkó.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjóð. ESB (C 203, 27.6.2017). Þær má senda með símbreffi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu, eða í pósti með tilvísuninni M.8538 – IFM/OHL/OHL Mexico), og eftirfarandi póstarsíturn:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjóð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8546 – Intermediate Capital Group/DomusVi Group)

2017/EES/39/08

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. júní 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ þar sem fjárfestingarsjóður sem nýtur ráðgjafar fyrirtækisins Intermediate Capital Group, plc („ICG“, Bretlandi) öðlast að fullu yferráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í CasaVita SAS og dótturfélögum þess („DomusVi Group“, Frakklandi).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - ICG: eignastýring og fjárfesting í einkaskuldum, lánum og almennum hlutabréfum í Evrópu, á Asíu-Kyrrahafssvæðinu og í Bandaríkjunum.
 - DomusVi Group: frönsk samstæða sem starfrækir þjónustu- og hjúkrunarheimili fyrir aldraða og veitir öldruðum í Frakklandi og á Spáni umönnunarþjónustu.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjóð. ESB (C 206, 30.6.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu, eða í pósti með tilvísuninni M.8546 – Intermediate Capital Group/DomusVi Group, og eftirfarandi póstarsítu:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjóð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8550 – USSL/Goldman Sachs/Redexis Gas)

2017/EES/39/09

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. júní 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem Universities Superannuation Scheme Limited („USSL“, Bretlandi) og GS Global Infrastructure Partners II, LP og GS International Infrastructure Partners II, LP („Goldman Sachs“, Bandaríkjunum) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirlit, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í Redexis Gas S.A. og Redexis Gas Finance B.V. („Redexis Gas“, Spáni).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - USSL: fjárvörsluaðili fyrirtækja sem annast stýringu líffeyrissjóðs í einkaeigu fyrir háskólastarfsfólk í breskum háskólum og öðrum æðri menntastofnunum og rannsóknarstofnunum.
 - Goldman Sachs: fyrirtæki á sviði fjárfestingabankastarfsemi, verðbréfa og fjárfestingastýringar sem veitir þjónustu í tengslum við það um heim allan.
 - Redexis Gas: eftirlitsskylt fyrirtæki sem annast flutning og dreifingu á jarðolúgasi og starfar á Spáni.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjútíð. ESB (C 205, 29.6.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu, eða í pósti með tilvísuninni M.8550 – USSL/Goldman Sachs/Redexis Gas), og eftirfarandi póstarsíturnum:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjútíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2017/EES/39/10**
(mál M.7982 – Abbott Laboratories/Alere)

Framkvæmdastjórnin ákvað 25. janúar 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004, sbr. 2. mgr. sömu greinar ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M7982. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2017/EES/39/11**
(mál M.8357 – Asahi/AB Inbev CEE Divestment business)

Framkvæmdastjórnin ákvað 1. mars 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8357. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2017/EES/39/12**
(mál M.8433 – Zalando/Bestseller United/JV)

Framkvæmdastjórnin ákvað 16. júní 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8433. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2017/EES/39/13**
(mál M.8479 – Advent International/Bain Capital Investors/Ratepay)

Framkvæmdastjórnin ákvað 19. júní 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8479. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2017/EES/39/14**
(mál M.8497 – Sibur/TechnipFMC/Linde/JV)

Framkvæmdastjórnin ákvað 19. júní 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8497. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.